

HA ~~/~~ ÖNNUNARMARS

HönnunarMars
10 ára

DesignMarch
10th year



Hönnunarmars er uppskeruhátíð hönnuða og arkitekta. Sýningaropnanir og viðburðir glæða borgina lífi og gleða gesti og gangandi. Sýningar, uppákomur, fískusýningar og málþing, allir finna eitthvað við sitt hæfi. Þessa fjóra daga á ári gefst áhugasömum einstakt tækifæri til að hitta hönnuði og kynna sér hugmyndavinnuna og ferlið sem liggur að baki vel unnu verki.

Dagskrá Hönnunarmars er nú í fyrsta sinn gefin út undir merkjum HA sem er helsti vettvangur faglegrar umfjöllunar og samtals um íslenska hönnun og arkitektúr. Hér má finna umfjöllun um helstu viðburði og sýningar á Hönnunarmars, viðtöl við þátttakendur og annað áhugavert efni sem gerir gestum kleift að njóta hátíðarinnar til fulls.

Á nýrri vefsíðu Hönnunarmars, honnunarmars.is, er aðgengilegur heildarlisti yfir sýningaropnanir ásamt lýsingu á öllum viðburðum og sýningum hátíðarinnar með nánari upplýsingum um tíma og staðsetningar.

Fram undan er fjögurra daga afmælisveisla Hönnunarmars og ykkur er öllum boðið!

VELKOMIN Á 10^{ÁRA} AFMÆLISHÁTÍÐ HÖNNUNARMARS

Sjáðu alla dagskrána
og tímasetningar á
WWW.HONNUNARMARS.IS

Creativity and courage are the watchwords of this year's DesignMarch. Designers look closer to home this year, seeking innovative ways of interpreting Iceland's past, as well as unearthing new and sustainable ways to share our natural resources. The recycling and reuse of things that would otherwise be senselessly wasted is now justly celebrated, and fine craftsmanship and interdisciplinary collaboration are very much in evidence.

DesignMarch is harvest season for designers and architects. Openings and events bring a vibrant new life to our city, adding a spring to the step of inhabitants and guests alike. Exhibitions, fashion shows, symposiums and countless other occurrences ensure that there is something to see for everyone. For four days each year, we are offered a unique opportunity to meet designers, and see the process behind the finely crafted objects and concepts they create.

For the first time, the DesignMarch schedule is being published by HA – the leading source for professional discourse and dialogue on Icelandic architecture and design. Within these pages, you will find detailed coverage of the central events and exhibitions of DesignMarch, in addition to interviews and information to help you maximize your experience of the festival.

On our new website, designmarch.is, you will find an intuitive and exhaustive catalogue of every event, opening, and ongoing exhibition under the festival's banner, complete with locator maps and detailed event timelines.

We have four days of celebrating ahead of us, and you are all invited!

WELCOME TO THE
10TH
ANNIVERSARY
CELEBRATION

Find more info, dates
and timings at
WWW.DESIGNMARCH.IS



Sumt getur ekki beðið

Núlán eru ný og fljótleg rafræn
leið að betra láni – einfalt svar
við óvæntum útgjöldum.

 **Arion banki**
– fyrir framtíðina

Stjórnandi
HönnunarMars
DesignMarch
Festival Director

Texti Words by
Sigríður Ásgeirsdóttir

Ljósmynd Photo by
Rafael Pinho

SARA JÓNS— DÓTTIR

Í ár fagnar HönnunarMars tíu ára afmæli sínu. Hvaða breytingar hafa orðið á hátíðinni á þessum áratug og hvert stefnir hún?

Hátíðin og sjálf hönnunarsenan hafa farið í gegnum töluvert þroskaferli á þessum tíu árum. Umfang hátíðarinnar eykst með ári hverju og hún hefur skapað sér fastan sess í hugum hönnuða og borgarbúa.

Viðfangsefni, þemu og hvaða greinar eru mest áberandi hverju sinni hefur verið breytilegt ár frá ári. Það er þó sífellt meira um þverfagleg verkefni og verkefni sem ná út fyrir hinar hefðbundnu hönnunargreinar. Skilningur á hönnun og mikilvægi hennar hefur aukist marktækt á þessum árum og það eru sífellt fleiri sem skilja að hönnun er aðferða- og hugmyndafræði sem á heima innan allra innviða samfélagsins, allt frá landbúnaði yfir í fjármálakerfi.

Markmið HönnunarMars er að auðga samfélag hönnuða og þjappa því saman, að skapa vettvangur þar sem tengingar myndast, samstarfsverkefni verða til og íslensk hönnun fær brautargengi innanlands sem utan. Framundan er skarpari fókus og enn meiri gæði.

Hverjar eru helstu áskoranirnar við að halda hátíð eins og HönnunarMars?

Helsta áskorunin er að fá milljón púsl til að raðast rétt á sama tíma. Það er þannig með undirbúning hátíða sem þessarar að fæst mál leysast fyrr en á síðustu metrunum. Það getur verið temmilega streituvaldandi þó hlutir hafi nú yfirleitt tilhneigingu til að fara nákvæmlega eins og þeir eiga að fara. Önnur stór áskorun er útsjónarsemi við að láta stóra hátíð ganga upp á tiltölulega litlu fjármagni og fámennu teymi.

Hvert er hlutverk og gildi HönnunarMars fyrir hönnunarsenuna og íslenskt samfélag?

Hátíðin er uppskeruhátíð íslenskra hönnuða og arkitekta og um leið er hún stærsta kynningarafli þeirra — gagnvart íslenskum almenningi og viðskiptalífi og langt út fyrir landsteinana. Á hátíðina kemur árlega fjöldi erlendra blaðamanna til að fjalla um og kynna sér það helsta sem er að gerast í hönnun á Íslandi. Í hátíðinni felast ótvíræð viðskiptatækifæri og hún á ríkulegan þátt í að stækka starfsumhverfi íslenskra hönnuða, jafnt faglega og landfræðilega. Þá er hátíðin einnig vettvangur fyrir hönnuði og aðra áhugasama til að sækja sér innblástur, en DesignTalks er gríðarlega metnaðarfull alþjóðleg hönnunarráðstefna þar sem framúrskarandi hönnuðir víðs vegar að taka til máls. HönnunarMars hefur upp á svo margt að bjóða og hver og einn getur sótt sér það sem hann sækist eftir hverju sinni — hvort sem það er tengslanet, viðskipti, kynning, innblástur eða hrein og bein skemmtun.

Hvað þykir þér skemmtilegast við starfið?

Stórt á litið er það þegar vel tekst til og tilætluðum árangri er náð. Fiðringurinn kemur við að sjá heildarmyndina birtast fyrir augum sér — stundin þegar allir viðburðir og sýningar opna og afrakstur hönnuða og arkitekta kemur í ljós. Eins þykir mér alltaf sérstaklega gaman þegar ákveðnir galdrar eiga sér stað og sýningar og viðburðir sem láta ekki mikið yfir sér í upphafi ná að koma mér skemmtilega á óvart.

↑ ÍSLENSKAN
KLÁRAST HÉR

START READING THE
ENGLISH VERSION HERE



This year DesignMarch is celebrating its ten year anniversary. What are the most significant changes that the festival has gone through and where is it heading?

Both the festival itself and the Icelandic design scene in general have gone through significant changes in this past decade. The size of the festival is growing every year and has become well established in the minds of designers and the people of Reykjavík alike, a permanent fixture in the city calendar.

The theme and focus of the festival organically changes from year to year, often with one or two fields within design being more prevalent than others. I do see an increase in interdisciplinary projects, that reach beyond the more traditional fields of design. Furthermore, I see a significant change in the general understanding and awareness of what design is and its importance in society, alongside an ever-

growing awareness that design is a methodology and ideology that can and should be applied in all aspects of society.

DesignMarch's main objective is to enrich the community of designers, bring it together, and create a space that facilitates networking and collaboration between designers and across disciplines. And perhaps most importantly to promote and celebrate Icelandic design.

What are the greatest challenges in managing a festival like DesignMarch?

The main challenge is to make all the pieces fit in the right place at the right time. The story with this type of festival is that most issues don't get resolved until the eleventh hour, which can be quite stressful. However, I have learned that things tend to work out just as they should. Another great challenge is to make a festival of this scale be the best it can be with limited financial resources, which requires a healthy mix of cleverness, hard work and creativity.

How do you view the role and relevance of DesignMarch for the design scene and Icelandic society?

DesignMarch is an annual opportunity for designers and architects to show each other what they've been working on and to celebrate their efforts. It is also a great promotional opportunity — be it towards the general public, the business community, the media or other stakeholders, both national and international.

Furthermore, the festival is a space where designers and design enthusiasts alike can get inspired — the festival conference DesignTalks being specifically designed with that objective in mind with internationally renowned designers and architects, both established and up and coming, engaging in thoughtful discussion on design and architecture for a full day. DesignMarch is almost an embarrassment of riches, no one should have any trouble finding something to their liking.

What are the most rewarding aspects of your job?

Generally speaking it's when things work out and the end objective is achieved. When you see the whole thing come together — that moment when all the exhibitions and events open and the products of all the designers and architects hard work are unveiled. I particularly like it when that certain magic happens, when an exhibition or event that had been flying under the radar pops up and surprises you with something completely unexpected.

Opnunarviðburður HönnunarMars, DesignTalks, er spennandi fyrirlestradagskrá þar sem fram koma alþjóðlegir hönnuðir, arkitektar og aðrir skapandi hugsuðir.

Þetta árið fagnar DesignTalks mætti hönnunar og möguleikum hennar til að hafa áhrif á alla þætti samfélagsins. Með orðum Hlínar Helgu Guðlaugsdóttur, dagskrárstjóra ráðstefnunnar, beinir DesignTalks „sjónum okkar að framtíðinni og næstu kynslóð hönnuða, og skoðar hlutverk hönnunar í síbreytilegum heimi.“ Já, við ætlum okkur meira með DesignTalks en að veita innblástur – þetta er ákall til okkar allra um skapandi samstarf til frambara.

Við bjóðum ykkur hjartanlega velkomin og hvetjum ykkur til að taka þátt í þessum spennandi degi þar sem kynnast má nýjum hugmyndum, spennandi umræðum og vangaveltum um á hvaða vegferð heimurinn er. **Miðar fást á www.harpa.is**



Ekki gleyma að kaupa miða
Don't forget to buy a ticket

15.03
09:00—16:30
Silfurberg
Harpa

The kick-off event of DesignMarch, DesignTalks offers an exciting day of inspirational talks by international designers, architects and creative thought leaders. These speakers lead studios and practices ranging across architecture, fashion, products, critical design, and more.

This year DesignTalks celebrates the power and potential of design to contribute to every aspect of society. In the words of curator Hlín Helga Guðlaugsdóttir, DesignTalks will lift “our gaze towards the future, emphasizing nascent ideas of the emerging generation of global creatives.” As leading designers discuss how they are anticipating and shaping the future, DesignTalks seeks more than to inspire – it is a call to action for us all.

We warmly invite you to join us for an exciting day of new ideas, lively conversation, and an exploration of where our world is headed next.

Tickets are available at www.harpa.is



ANTON & IRENE

Eftir velgengni sem hönnunarstjórar auglýsingastofa á Manhattan ákváðu Anton Repponen og Irene Pereyra að snúa sér að gagnvirkri hönnun og stofnuðu hið margverðlaunaða stúdíó **Anton & Irene**.


*After years as Manhattan agency directors, Anton Repponen and Irene Pereyra returned to hands-on interactive design when they started the award-winning studio **Anton & Irene**.*



BEA SZENFELD

Bea Szenfeld er fatahönnuður sem vinnur tilraunakennd verk og skúlptúrískar flíkur úr pappír sem eru á mörkum myndlistar og fatahönnunar. Meðal viðskiptavina hennar eru Lady Gaga og Björk.

***Bea Szenfeld** is an internationally acclaimed fashion designer whose experimental designs and sculptural paper garments push the boundaries of contemporary fashion.*



ANDREAS MARTIN-LÖF

Andreas Martin-Löf rekur stofuna Andreas Martin-Löf Arkitekter, sem hannaði hæstu byggingu Skandinavíu og Snabba Hus, sem eru hugsuð sem lausn við vaxandi húsnæðisvanda í Svíþjóð.

***Andreas Martin-Löf** helms Andreas Martin-Löf Arkitekter creators of the tallest skyscraper in Scandinavia and Snabba Hus – prefabricated construction of homes to address the housing crisis in Sweden.*



ARCTIC DESIGN GROUP

Arctic Design Group (ADG) er þverfaglegur vettvangur sem beinir sjónum sínum að rannsóknum á norður-skautssvæðinu og nýtir hönnun til að móta tillögur um framtíð þess.

***The Arctic Design Group (ADG)** is a multi-disciplinary platform for Arctic-focused research that uses design to develop strategies and proposals for the future of northern territories.*



DR. DAISY GINSBERG

Dr Alexandra Daisy Ginsberg er hönnuður, listamaður og rithöfundur sem rannsakar þau gildi sem móta hönnun, hönnunarlíffræði og tækni-nýjungar.


***Dr Alexandra Daisy Ginsberg** is a critical designer, artist, and writer whose experimental practice explores values that shape design, synthetic biology, and emerging technology.*



MATYLDA KRZYKOWSKI

Matylda Krzykowski er hönnuður og leiðbeinandi sem veltir upp spurningum um samstarf, samsköpun og framfararmátt hönnunar með gjörningum og tilraunastarfsemi.

***Matylda Krzykowski** is a designer and educator who focuses on collaborative and performative projects. She works with innovative and experimental formats that span exhibitions, workshops and talks.*



HENRIK VIBSKOV

Henrik Vibskov er danskur fatahönnuður sem rekur samnefnt tískuhús í Kaupmannahöfn. Í sköpunarheimi hans er skandinavískur minimalismi afbakaður með leikgleði og húmor að vopni.

***Henrik Vibskov** is a Danish fashion designer whose eponymous fashion label eschews Scandinavian minimalism to emphasise the “eclectic sensibility of multicultural Copenhagen” to international acclaim.*



STEINÞÓR KÁRI KÁRASON

Steinþór Kári Káráson arkitekt er annar stofnenda **Kurt og pí**, handhafa Hönnunarverðlauna Íslands 2017. Verk þeirra einkennast af notagildi og varanleika sem eldist, þroskast og segir sögu.

***Steinþór Kári Káráson** is an architect and co-owner of **Kurt og pí**, winner of the Icelandic Design Award in 2017, who infuse their work with a practicality and permanence that ages, matures and tells its own story.*



BJÖRN & JOHANNA

Vöruhönnuðurnir **Björn Steinar Blumenstein** og **Johanna Seelemann** skoða verðmætagildi og möguleika ónýtttra afurða og auðlinda í rannsóknarmiðuðum verkum sínum.

*Recent design graduates **Björn Steinar Blumenstein** and **Johanna Seelemann** explore perceptions of value and possible futures of disregarded resources in their research-driven works.*



MARJAN VAN AUBEL

Marjan van Aubel hefur með snjallri hönnun og nýsköpun unnið að aukinni skilvirkni í orkunotkun og endurskilgreint sóltækni þannig að hún sé hluti af hversdagslífinu.

***Marjan van Aubel** is an award-winning designer whose innovative practice, through extreme energy efficiency and intelligent design, redefines solar technology to make it part of everyday life.*



TEKLA SEVERIN

Tekla Severin er innanhússhönnuður, ljósmyndari og áhrifavaldur á Instagram. Hún vinnur með listræna stjórnun, innsetningar og sviðshönnun á þverfaglegum grundvelli.

***Tekla Severin** is a Stockholm-based interior architect, photographer and Instagram influencer working in the multidisciplinary fields of art direction and installation.*



KAAVE POUR

Kaave Pour er hönnunarstjóri **SPACE10**, rannsóknarmiðju og sýningarrýmis sem IKEA setti á lagginnar fyrir rannsóknir á betri og sjálfbærari lífnaðarháttum til framtíðar.

***Kaave Pour** is the creative director of **SPACE10** – a research hub and exhibition space launched by IKEA as a platform for creative collaborations that explore and design new ways of living.*



HLÍN HELGA GUÐLAUGSDÓTTIR

Hlín Helga Guðlaugsdóttir er dag-skrárástjóri DesignTalks 2018 en hún er hönnuður og ráðgjafi í hönnunarhugsun. Hún stýrir ráðstefnudeginum ásamt Paul Bennett.

*DesignTalks 2018 is curated by experience designer and design thinking consultant **Hlín Helga Guðlaugsdóttir**, who will also moderate the event together with Paul Bennett.*



PAUL BENNETT

Paul Bennett er yfirhönnunarstjóri IDEO, alþjóðlegs hönnunarfyrirtækis sem nýtir hönnun sem jákvætt framfarafl. Paul var einn af fyrirlesurum DesignTalks 2017.

***Paul Bennett** is the Chief Creative Officer at IDEO, a global design company committed to creating positive impact through design. Paul was one of the speakers at DesignTalks 2017.*



Njóttu dagsins með



LISTNÁMSBRAUT

- EINS ÁRS FORNÁM
- TVEGGJA ÁRA NÁM TIL STÚDENSPRÓFS

TVEGGJA ÁRA NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

- KERAMIK
- MÁLARALIST
- TEIKNING
- TEXTÍLL

NÁNAR Á WWW.MIR.IS

REYKJAVÍK SCHOOL

OF VISUAL ARTS

MYNDLISTASKÓLINN

Í REYKJAVÍK



VIÐ BLÁSUM Í LÚÐRA OG
HEFJUM HÖNNUNARMARS
Í TÍUNDA SINN!

SJÁUMST Á SETNINGU AFMÆLISHÁTÍÐAR HÖNNUNARMARS
FIMMTUDAGINN 15. MARS KL. 17:15 Í LISTASAFNI REYKJAVÍKUR
HAFNARHÚSI.

JOIN US AT THE DESIGNMARCH OPENING EVENT AS WE KICK OFF
THE 10 YEAR ANNIVERSARY FESTIVITIES! THURSDAY 15 MARCH
AT 17:15 AT HAFNARHÚS REYKJAVÍK ART MUSEUM.

Í KJÖLFAR SETNINGARINNAR OPNA SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR UM
ALLA BORG. KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA Á WWW.HONNUNARMARS.IS





#DESIGNMARCH





MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Garðatorg 1 • Garðabær • Open Tue - Sun 12-17
www.honnunarsafn.is   honnunarsafn

Sýningar / Exhibitions:

- **Undraveröld Kron by KronKron**
/ **The imaginarium of Kron by Kronkron**
Official opening 18th of March at 16.00
- **Þyslextwhere viljandi villur**
/ **spelling mistakes in knitwear**
- **Safnið á röngunni með Einari Þorsteini**
/ **Behind the scenes with Einar Þorsteinn**



TIL HAMINGJU

Við erum hér
Find us here

KEX Hostel
Gamla Nýló
Ground floor
Skúlagata 28

Í tilefni af 10 ára afmæli HönnunarMars mun PopUp verzlun standa fyrir sölusýningunni *Til hamingju* í samstarfi við HönnunarMars. Þennan eina dag munu hönnuðir, fyrirtæki og stúdíó úr ólíkum greinum hönnunar koma saman til að selja eigin hönnun og fagna áratug af HönnunarMars. Hipp hipp húrra og góða skemmtun!

To celebrate the 10-year anniversary of DesignMarch, PopUp Verzlun will collaborate with DesignMarch on the sales show Til Hamingju (Congratulations). On this day only, designers, companies, and studios from different design disciplines will come together to sell their work and celebrate a decade of DesignMarch. Hip hip hooray!

UMBREYTINGAR

Við erum hér Find us here

Þjóðminjasafn Íslands
National Museum of Iceland
Suðurgata 41

Byggingarlist sjöunda og áttunda áratugar síðustu aldar er líklega eitt af einkennum Reykjavíkur enda var uppbygging borgarinnar mikil á því tímabili. Á sýningu Garðars Snæbjörnssonar arkitekts, *Umbreytingar*, gefur að líta röð teikninga af völdum módernískum byggingum í Reykjavík sem sýna þróun þeirra til dagsins í dag. Eru breytingar alltaf til góðs?

Reykjavik grew rapidly during the sixties and seventies. As a result, the city has many examples of architecture from that period. The exhibition Transformations contains a series of illustrations by architect Garðar Snæbjörnsson, depicting a selection of modernist buildings in Reykjavik that have been transformed in recent decades. Are changes always for the better?



MEÐMÆLI HÖNNUÐA DESIGNERS PICK

Hvað er HönnunarMars í þínum huga?

Tækifæri fyrir hið smáa en blómstrandi íslenska hönnunarsamfélag til að deila reynslu sinni og upplifun og njóta þess að vera í alþjóðlegu sviðsljósi.

Hvað finnst þér skemmtilegast við HönnunarMars?

Hvað það er einfalt að ganga á milli viðburða og sýninga enda er flest í göngufæri innan borgarinnar — sem iðar af lífi á meðan á HönnunarMars stendur.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í Reykjavík?

Hlemmur Square.

Hverju ætlar þú ekki að missa af í ár?

DesignTalks ráðstefnan bregst ekki. Í ár ætla ég ekki að missa af fyrirlestri Arctic Design Group.

Arkitekt
Architect

FERNANDO DE MENDONCA

What does DesignMarch mean to you?

It's a rare opportunity for the small but thriving Icelandic design community to share their experiences and be in the international spotlight.

What do you like most about DesignMarch?

It's easy to see a lot of events and exhibitions, as they are all in walking distance of one another, which makes the whole city quite lively during DesignMarch.

What's your favourite place in Reykjavik?

Hlemmur Square.

What are you not going to miss this year?

DesignTalks has always been very good. This year I really want to see the talk by the Arctic Design Group.



RAMMAGERÐIN

Síðan 1940



Íslensk hönnun
& handverk frá 1940.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS

Museum of Design
and Applied Art

Í tilefni af tíu ára afmæli HönnunarMars býður Hönnunarsafn Íslands til sjónrænnar veislu með þremur áhugaverðum sýningum sem enginn hönnunarunnandi ætti að láta fram hjá sér fara: *Safnið á röngunni*, *Þyslextwhere* og *Undraveröld Kron* by Kronkron.

In honour of DesignMarch's tenth anniversary, the Museum of Design and Applied Art welcomes you to a visual feast featuring three diverse exhibitions: Behind the scenes, Þyslextwhere and The Imaginarium of Kron by Kronkron.



SAFNIÐ Á RÖNGUNNI


Sýningin *Safnið á röngunni* er opin skráning starfsfólks Hönnunarsafns Íslands á munum frá vinnustofu arkitektsins Einar Þorsteins Ásgeirssonar (1942–2015). Einar Þorsteinn færði Hönnunarsafninu um 1500 muni að gjöf árið 2014, þar á meðal dagbækur, módel, ljósmyndir, skissubækur og húsgögn. Hann var brautryðjandi í rúmfræðirannsóknum og sérfræðingur í margflötunum en hann starfaði um langt skeið með Ólafi Elíassyni myndlistarmanni, meðal annars að hönnun glerhjúps tónlistarhússins Hörpu. Sjálfbærni í hönnun var Einari Þorsteini hugleikin og ævistarf hans er endalaus uppspretta hugmynda og samtala.

The exhibition Behind the scenes will publicly document the entry of various artifacts from the workshop of architect Einar Þorsteinn Ásgeirsson (1942-2015) into the Museum of Design and Applied Art's collection. Ásgeirsson gifted roughly 1,500 items to the Museum in 2014, including journals, models, photographs, sketchbooks and furniture. A pioneer of geometric analysis who specialized in polyhedral shapes, he was a longtime collaborator of visual artist Ólafur Elíasson, with whom he designed the outer glass layer that covers the Harpa Concert Hall. Ásgeirsson was an avid proponent of sustainability in design, and he leaves behind an endlessly fascinating body of work worthy of extensive study and great debate.

ÞYSLEXTWHERE

ÞYSLEXTWHERE er lifandi sölusýning á handprjónuðum húfum í anddyri Hönnunarsafns Íslands. Það sem einkennir húfurnar er handprjónaður texti með stafsetningarvillum – sem þykja allajafna algert tabú í handverki. Verkefnið hófst árið 2008 þegar vöruhönnuðirnir Hanna Jónsdóttir og Ingrid Brandt voru í sumarvinnu á Höfn í Hornafirði meðfram námi við Hönnunarakademiuna í Eindhoven. Þær verða með sérstakt hönnunar- og afmælispema á HönnunarMars í tilefni tíu ára afmælis hátíðarinnar og verkefnisins.

ÞYSLEXTWHERE is an exhibition of for-sale handknit headwear held in the lobby of the Museum of Design and Applied Art. A distinguishing feature of all the featured items is the intentional spelling errors – something long considered taboo in most forms of craftsmanship. The project traces its beginnings to 2008, when product designers Hanna Jónsdóttir and Ingrid Brandt were working summer jobs in small-town Iceland to support themselves through the Design Academy Eindhoven. Their work will feature a special design/birthday theme in honour of both the project's and DesignMarch's 10th anniversary.



Texti Words by
Sunna Örlygsdóttir

Ljósmyndir Photos by
Anna Maggý
Kári Sverriss

Undraveröld
The Imaginarium of

KRON BY KRONKRON

Við erum hér
Find us here

Hönnunarsafn
Íslands
*Museum of
Design and
Applied Art*
Garðatorg 1

Hugrún Árnadóttir og Magni Þorsteinsson hafa undanfarin tíu ár hannað, framleitt og selt vörur undir merkjum Kron by Kronkron um allan heim. Þar á meðal eru um 1200 tegundir af skóm sem eru uppistaða yfir-litssýningar á verkum þeirra í Hönnunarsafni Íslands sem opnar á Hönnunarsafni Mars.

„Þetta hlýtur að hafa verið í kortunum okkar Magna frá upphafi. Við höfðum bæði mikinn áhuga og sterka ástríðu fyrir óvenjulegum skóm á okkar yngri árum og ég safnaði hinum undarlegustu skóm án þess að það hvarflaði að mér að ég myndi síðar leggja þetta fyrir mig,“ segir Hugrún þegar hún er innt eftir því hvernig skóævintýri þeirra hjóna hófst. „Síðustu tíu ár hafa verið magnað maraþon og hreinlega dálítill klíkkun en við höfum verið svo upptekin við líðandi stund að okkur hefur sjaldan gefist tækifæri til að líta yfir farinn veg.“ Hugrún viðurkennir að þegar þau lögðu fyrst út í skóframleiðslu á sínum tíma hafi þau ekki órað fyrir því hvað þau ættu í vændum en samt hafi aldrei annað komið til greina en að halda áfram. Hönnun- og framleiðsluferlið bak við hvert skópar er ótrúlega flókið og tímafrekt en það tekur um eitt og hálf ár að koma hugmynd að Kron by Kronkron skópari frá skissu á blaði yfir í búðarglugga og hvert skópar getur verið samsett úr allt að 30 til 40 hlutum sem koma frá mörgum mismunandi birgjum á Ítalíu, Spáni og í Portúgal.

Hugrún útskýrir að í dag einkennist bransinn af ótrúlega miklum hraða. Á meðan flestir séu upptekin af því að gera skó á sem einfaldastan, ódýrastan og söluvænstan hátt – meðal annars með því að nota sem ódýrast hráefni, framleiða sem fæstar tegundir og sneiða hjá handverksfólki – vilji þau hins vegar skapa sterka, tímalaus skó þar sem handverk og hráefni fær að njóta sín. Bak við hvert smáatriði sé handbragð sérhæfðs handverksfólks en frá byrjun hafi þau haft að leiðarljósi að vinna með handverksfólki þótt slíkt geri hlutina vissulega flóknari á marga vegu. „Þegar okkur tekst að finna réttan aðila í hvert verk – það er okkar adrenalínkikk. Þetta er allt handverksfólk sem brennur fyrir því sem það er að gera og það tengir okkur saman – þessi ástríða. Við Magni þekkjum af eigin raun hvernig það er að fara óhefðbundnar leiðir og það er okkur mikilvægt að geta tengt þessa ólíku aðila saman og skapa þeim verkefni. Það drífur okkur áfram.“

Í ljósi þess hve margt þarf að smella saman til að hvert skópar geti orðið að veruleika virkar fjöldi þessara 1200 skópara sem verða til sýnis á Hönnunarsafninu dálítið undraverður og yfirþyrmandi. Hugrún tekur undir það og játar að það hafi þurft nokkra sendiferðabíla til að flytja góssið upp á Hönnunarsafni. „Maður málar víst ekki alltaf sama málverkið! Merkillegt nokk þá höfum við hannað og framleitt alla þessa skó en við erum samt ekki skómerki sem býr til skó til þess eins að selja þá. Við höfum aldrei fylgt markaðsöflum

For ten years Hugrún Árnadóttir and Magni Þorsteinsson have designed, manufactured and sold their designs all over the world under the label Kron by Kronkron. This includes roughly 1,200 varieties of shoes; a collection which forms the basis of their exhibition at the Museum of Design and Applied Art, which opens during DesignMarch.

“Shoes must have been in the cards for us right from the get-go. Magni and I both had a special passion and fascination with unusual shoes when we were younger, and I even collected weird shoes, though not once did it occur to me that I’d be doing this for a living,” says Hugrún when asked how the couple’s big shoe adventure first began. “The last ten years have been like some crazy marathon run, and frankly kind of a ridiculous one at that. You’re always so busy working on whatever’s going on right now, and getting ready for the next big thing, that you hardly ever have time to look back at what’s come before,” she says, admitting that when she and her husband first went into shoemaking, they had no idea just how much work would be involved. Not that either of them have any regrets whatsoever. The design and production process behind every single pair of shoes is incredibly complex and time-consuming, clocking in at roughly eighteen months from first concept to store window. Each pair can consist of up to 30 or 40 individual elements that must be purchased from separate manufacturers based variously in Italy, Spain and Portugal.

Hugrún explains that the couple’s chosen profession is one that demands great expediency. While most shoe designers are guided by practical considerations – making the simplest and most commercially viable shoe, usually by using cheaper materials, reducing product variety and circumventing craftspeople – Hugrún and Magni aspire to make resilient and timeless shoes that proudly display the handiwork of their creators. Behind every detail of every shoe, there is a highly qualified specialist in his or her field. From day one, the couple have sought out the perfect specialist for every job, even if such micromanagement can cause more than merely technical headaches. “When you find the right craftspeople – that’s when the adrenaline kicks in. These people burn with passion for what they do. And that’s what connects us – that passion. Magni and I know from personal experience how it feels to go the road less travelled, and for us it is important to be able to connect all these people and give them projects to work on. It’s really what keeps you going.”

Considering the sheer number of elements that have to come together in order to make one pair of shoes, the fact that the Kron by Kronkron exhibition will feature 1,200 pairs seems mind-boggling, almost





heldur skapað okkar eigin heim þar sem við erum alltaf svolítið að spegla okkur sjálf. Þetta þekkja þeir sem hafa komið í verslanirnar okkar. Heimurinn okkar er litríkur og óháður tískustraumum. Einkenni Kron by Kronkron skónna eru sterk þótt hvert og eitt þar standi sjálfstætt – og tímalaut. Okkar viðskiptavinir eru svo ólíkar týpur og við höfum margoft fengið að heyra að það að kaupa skó frá okkur sé meira eins og að kaupa sér listaverk. Þetta eru ekki bara skór heldur svo miklu, miklu meira. Við viljum að fólk geti gleymt hversdagsleikanum þegar það kemur til okkar og á sýningunni í Hönnunarsafninu erum við svolítið að endurspegla það með því að gefa fólki sýn inn í okkar heim síðustu tíu árin.“

overwhelming. Huguún concurs, noting that several large moving trucks were required to transport the collection to the museum. “I guess you never paint the same thing twice! It is kind of amazing how many shoes we’ve designed and made, but we’re not in this business to turn a buck. We’ve always ignored the commercial aspect of what we do, and instead created our own world that’s really more of a reflection of who we are ourselves. Anyone who’s set foot in one of our stores will know that. We’ve created a vibrant world, full of colours, and not really connected to fashion. Kron by Kronkron has a signature look, but every single pair of shoes we’ve made is also very independent in time – timeless. Our customers are all so different, and we’ve heard from them time and time again that buying our shoes is like buying a work of art. These aren’t just shoes; they’re much more than that. We want people to forget their everyday world when they come to us, and this exhibition is, in a way, reflecting the world we’ve created over the last ten years.”



BEA SZENFELD

Þú finnur okkur hér
Find us here
Aðalstræti 2



Bea Szenfeld er fatahönnuður er meðal fyrirlesara á DesignTalks 2018. Hún vinnur tilraunakennd verk og skúlptúrískar flíkur úr pappír sem eru á mörkum myndlistar og fatahönnunar og nokkur verka hennar verða til sýnis í húsnæði Hönnunarmiðstöðvar Íslands á HönnunarMars.

Bea Szenfeld is an internationally acclaimed fashion designer and a key speaker at this year's DesignTalks. Her experimental designs and sculptural paper garments, which push the boundaries of contemporary fashion, will be on display at the Icelandic Design Centre during DesignMarch.

MEÐMÆLI HÖNNUÐA DESIGNERS PICK

Hvað er HönnunarMars í þínum huga?

Allt í senn rísastór gróðursetningar- og uppskeruhátíð. Nýjum hugmyndum er sáð og þær fá að spíra og þroskaðri afurðum er komið á framfæri.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í Reykjavík?

Þeir eru margir. Strandlengjan öll með sínum fjölbreytileika og síbreytileika. Hólavallakirkjugarður er líka alveg einstakur. Þar njóta árstíðirnar sín hver á sinn hátt undir þaki gamalla trjákróna.

Hverju ætlar þú ekki að missa af í ár?

DesignTalks er efst á listanum að vanda. Ég ætla að hlusta á norska arkitektinn Reiulf Ramstad á Design Diplomacy í norska sendiráðsbústaðnum og svo valsar maður um borgina og reynir að pikka sem flest upp. Á fimmtudeginum verðum við hjá Landslagi svo með opið hús fyrir gesti og gangandi.

Landslagsarkitekt
Landscape Architect

ÞRÁINN HAUKSSON

What does DesignMarch mean to you?

In my mind, DesignMarch is simultaneously a giant planting and harvest festival. New ideas are planted and given the chance to sprout while more developed ones are promoted.

What's your favourite place in Reykjavik?

I have many. The entire coastline with its diversity and ever-changing nature. The Hólavallagarður cemetery is also a place like no other. There, each season comes into its own under the canopy of old trees.

What are you not going to miss this year?

DesignTalks is at the top of my list as usual. I'm going to listen to Norwegian architect Reiulf Ramstad speak as part of Design Diplomacy at the Norwegian Embassy. I'm also just going to stroll around town and try to catch as much as possible. On Thursday, I'll be at Landslag where we'll have an open house for guests and people passing by.

ÖNNUR SÆTI

Við erum hér
Find us here

Arion banki
Arion Bank
Borgartún 19

Í höfuðstöðvum Arion banka opnar á HönnunarMars sýning á verðlaunahugmyndum arkitekta að þekktum byggingum á Íslandi. Sýningin, sem unnin er í samstarfi við höfunda bókarinnar Reykjavík sem ekki varð, þau Önnu Dröfn Ágústsdóttir sagnfræðing og Guðna Valberg arkitekt, spannar 80 ára tímabil í sögu íslenskrar byggingarlistar og er ætlað að varpa ljósi á arkitektúr, möguleika og öðruvísi framtíðarsýn.

Runners Up

During DesignMarch, Arion Bank's central branch will host an exhibition of runner-up architectural concepts for a variety of renowned Icelandic buildings. The exhibition was developed in collaboration with historian Anna Dröfn Ágústsdóttir and architect Guðna Valberg, authors of the book *Alternative Reykjavík*. It spans 80 years of Icelandic architectural history, and is intended as a celebration of architecture, possibility, and alternate visions of the future.

MOTTUR Í MARS

Við erum hér
Find us here

Verslun Rauða
kross Íslands
Icelandic
Red Cross
Laugavegur 116

Hönnunarteymið Flétta og fatahönnuðurinn Steinunn Eyja Halldórsdóttir hafa undanfarið rannsakað hvernig nýta megil gamlar gallabuxur í gólfmottur. Verkefnið var unnið í samstarfi við fatasöfnun Rauða kross Íslands, en mikið af notuðum gallabuxum safnast þangað og fáar eru endurnýttar. Markmiðið er því að finna leið til þess að endurnýta líkurnar og þannig auka verðmæti þeirra.

Design team Flétta and fashion designer Steinunn Eyja Halldórsdóttir have of late been researching how to turn old blue jeans into area rugs. Their project was undertaken in collaboration with the Icelandic Red Cross's clothing collection programme, as a lot of used blue jeans are collected by the organization, but very few end up being reused. The goal, then, is to find a way to recycle these garments and, in doing so, to increase their value.

AGUSTAV

KJARTAN OSKARSSON STUDIO

SHOWROOM / GRAND OPENING



Usee Studio frumsýnir nýtt tónlistarmyndband, í samstarfi við tónlistar- og myndlistarkonuna Katrínu Helgu Andrésdóttur, þar sem flikur og furðuhlutir frá stúdíóinu eru í forgrunni. Í myndbandinu munu rímnaflæði og húmor leika lausum hala en það er sjálfstætt framhald af fyrra verki stúdíósins sem sýnt var á HönnunarMars árið 2017. Líkt og í fyrri verkum vinnur stúdíóið út frá þælingum um mannréttindi og umhverfismál tengdum tískuheiminum og að þessu sinni eru það hinar svokölluðu „Sweat Shops“ sem eru megininnblástur verksins – hverjir eru að svitna og fyrir hvern?

Usee Studio unveils their new music video, a collaborative effort featuring the work of visual artist and musician Katrín Helga Andrésdóttir, while a jungle full of oddities and wearables from the studio itself takes centre stage. A humour-laden stand-alone sequel to the studio's contribution at last year's DesignMarch, the new video picks up where the previous one left off, exploring the fashion world's uneasy relationship with human rights and environmental issues through the lens of deft rhyme. Sweatshops are the foreground issue this time – who's doing the sweating, and for whom?



Þú finnur okkur hér
Find us here
Kringlan

LET'S BEAT FASHION

SAMHENGI

Þú finnur okkur hér
Find us here

38 þrep
Laugavegur 49



Keramikhönnuðurinn Kristín Sigfríður Garðarsdóttir sýnir tekatla, skálar úr postulíni og dúka úr lífrænni bómull. Hún stefnir saman textíl- og keramikverkum sem unnin eru út frá persónulegum teikningum og skissum af óvættum úr íslenskum þjóðsögum. Verkin eru afrakstur þriggja mánaða dvalar hönnuðarins í Hollandi árið 2017 en þar fæddist sú hugmynd að tepla saman þessum ólíku miðlum. Verkin voru unnin í textílsafninu Tilburg og á keramikvinnustofunni EKWC, þar sem Kristín naut aðstoðar fagfólks við að útfæra hugmyndir sínar.

Ceramic designer Kristín Sigfríður Garðarsdóttir exhibits tea kettles, ceramic bowls, and tablecloths made from organic cotton. She brings together textile and ceramic works that are based on personal drawings and sketches of monsters from Icelandic folklore. The works are the result of the designer's three-month stay in Holland in 2017, where she got the idea to combine disparate media. The works were produced at the Tilburg Textile Museum and the EKWC Ceramic Work Centre, where Kristín was able to execute her ideas with the assistance of skilled artisans.

KJARTAN ÓSKARSSON STUDIO
www.kjartanoskarsson.com
tel: +354 897 5574 / +354 786 3511

AGUSTAV
www.AGUSTAV.com
tel: +354 8230013 / +354 8230014

Funahöfði 3, 110 Reykjavík

DesignMarch opening hours / Opnunartími á HönnunarMars
15.03 from 10 - 18
16.03 from 10 - 17 + **Grand opening from 17 -20**
17.03 from 10 - 18
18.03 from 12 - 18

NORRÆN ÞÖGN

Þú finnur okkur hér

Find us here

Sólir

Fiskislóð 53—55



Katrín Ólína, finnska fyrirtækið Made by Choice og jógasetrið Sólir taka saman höndum í þverfaglegu samstarfsverkefni. Á HönnunarMars gefst almenningi færi á að skyggjast inn í ferlið og sjá afurðir samstarfsins en verkefnið er enn í mótun. Sýndir verða rýmistengdir hlutir, húsgögn eða áhöld sem ætlað er að afmarka rými eða einangra hljóð til að auðvelda stundun hugleiðslu og jóga. Nafnið *Norræn þögn* vísar til lundarfarsins sem þykir ein-kennandi fyrir fólk á norrænum slóðum.

Katrín Ólína, Finnish design house Made by Choice, and Sólir yoga centre all collaborate in this still-evolving cross-disciplinary venture, which will open its doors to the public this DesignMarch to offer a glimpse into both the development process and the first fruits of their labour. The exhibition consists of spatial modifiers – objects, furniture and accessories intended to partition rooms or dampen sound to aid in the practice of meditation and yoga. The exhibition's name, Nordic Silence, refers to the stoic disposition so characteristic of Scandinavian culture.



MÓT

Þú finnur okkur hér

Find us here

Geysir Heima

Skólavörðustígur 12

Verk vöruhönnuðarins Theodóru Alfreðsdóttur snúast um að kanna leiðir til þess að hlutgera frásagnir og skoða framleiðsluferli og uppruna hlutanna. Verkefnið sem Theodóra sýnir á HönnunarMars er fyrsti hluti ferlisdrifinnar rannsóknar, þar sem framhaldslíf móta er kannað í því viðum skissum. Mótin fá sjálfstætt líf sem abstrakt verk eftir að hlutverki þeirra er lokið. Er hægt að lengja lífdaga móta og gefa þeim jafnmikið vægi og hinum eiginlega hlut?

The work of product designer Theodóra Alfreðsdóttir is centred on finding new ways to objectify narratives, as well as examining both the production process and the origin of objects. Alfreðsdóttir's contribution to this year's DesignMarch is the first part of a procedural investigation in which the future lives of casting moulds are explored by way of three-dimensional sketches. The moulds take on lives of their own as abstract works once their intended roles are completed. Can the lives of moulds be extended, affording them a value equal to that of the objects they are used to create?

HVÍTUR DRAUMUR TILFINNINGA

Þú finnur okkur hér

Find us here

Steinunn Studio

Grandagarður 17

SAND nefnist ný skartgripalína frá Aurum by Guðbjörg sem frumsýnd verður á samnefndri sýningu á HönnunarMars þar sem áhorfendum býðst að nota skynfærin til að upplifa ferlið að baki hönnuninni og skapa sína eigin upplifun á verkinu.

SAND is the latest line of jewellery from Aurum by Guðbjörg, set for unveiling at an exhibition of the same name this DesignMarch; visitors will be able to directly experience the design process in its entirety and shape their own experience of the work.

Þú finnur okkur hér

Find us here

Aurum

Bankastræti 4



SAND / AURUM

Sýning Steinunnar Sigurðardóttur fatahönnuðar, *Hvítur draumur tilfinninga* verður sett upp í STEINUNN studio á HönnunarMars og er þetta í tíunda skiptið sem Steinunn er meðal sýnenda. Rými, efni og áferðir taka á sig nýjar myndir innan rýmisins, gínur breytast í óraunverulegar mannverur og birtast áhorfandanum sem draumkennd upplifun.

The exhibition White Dream of Emotions marks clothing designer Steinunn Sigurðardóttir's tenth appearance at DesignMarch, and will be on display at STEINUNNstudio. Space, material and texture take on new forms within the show space, with mannequins morphing into surreal shapes, creating a dreamlike atmosphere.

Vöruhönnuðurinn Hanna Dís Whitehead útskrifaðist frá Hönnunarakademiunni í Eindhoven árið 2011 og rekur í dag hönnunarstofuna Studio Hanna Whitehead á Suð-Austurlandi. Gestum HönnunarMars í ár gefst kostur á að kynna sér verk hennar á tveimur sýningum: annars vegar á einkasýningunni *Annað samtal* í Safnahúsinu og hins vegar á sýningunni *Illikambur* í Gallerí Harbinger.

„Hingað til hefur vörulínan einkum snúist um að hanna hluti sem ekki hafa fyrirfram ákveðið notagildi en í þetta sinn er ég að vissu leyti búin að snúa þessu við,“ segir Hanna Dís um línuna *Annað samtal* (e. *Another Dialog*) og útskýrir hvernig verkefnið hafi í raun þróast út frá samtölum við gesti á fyrri sýningum hennar. „Hér hef ég í fyrsta skipti unnið og betrubætt vörurnar mínar svo þær falli að hugmyndum gesta um notagildi þeirra. Að þessu sinni vinn ég aðallega með keramik og leik mér að því að framkalla mismunandi efnistilfinningu með ólíkum glerungum. Þannig get ég til að mynda unnið keramik út frá plast- eða jafnvel gúmmítílfínningu.“

Samsýninguna *Illikambur* — *Milla Snorrason x Studio Hanna Whitehead* mætti einnig kalla nokkurs konar samtal. Þar er nýrri línu Millu Snorrason, fatamerkis Hildu Gunnarsdóttur fatahönnuðar, teft fram í áhugaverðu samspili við skartgripi sem Hanna Dís hefur hannað sérstaklega fyrir línuna. Við vinnslu Illakambs sótti Hilda innblástur í litadýrð og náttúru- fegurð samnefnds svæðis í Lónsöræfum. „Þetta samstarf hófst á því að Hilda sendi mér ljósmyndir sem hún tók á ferð sinni um Illakamb. Við unnum þetta síðan í raun mjög sjálfstætt en með sama útgangspunkti. Við höfum því að vissu leyti treyst á ferlið og að verk okkar eigi eftir að falla vel að hvert öðru – sem hefur verið raunin hingað til.“

↑ ÍSLENSKA UPPI

ENGLISH BELOW ↓

*Hanna Dís Whitehead graduated from Design Academy Eindhoven's product design programme in 2011, and today has her own design studio in southeast Iceland, Studio Hanna Whitehead. This year's DesignMarch will provide visitors with two opportunities to view her work: her private exhibition *Another Dialog* at the Culture House, and through her contributions to the collaborative exhibition *Illikambur*, to be held at Gallery Harbinger.*

*“The product line usually revolves around designing stuff that doesn't necessarily have a predetermined purpose, but this time I've turned that around, to some extent,” Whitehead says of her line *Another Dialog*, explaining how the project actually came about as a result of her conversations with attendees of her previous exhibitions. “For the first time, I've made a conscious effort to adapt*



Illikambur – Milla Snorrason X Studio Hanna Whitehead

Gallerí Harbinger
Freyjugata 1

Texti Words by Sunna Örylgs Ljósmynd Photo by Tian Khee Siong

Annað samtal
Another Dialog

Safnahúsið
Culture House
Hverfisgata 15

HANNA DÍS WHITEHEAD

and develop the product to better suit the public's ideas on its usefulness and practicality. This particular line is largely ceramic in nature, so I've used a variety of different glazes to produce varying textures. That way, I can make pottery that feels plastic to the touch, or even rubbery.”

The collaborative exhibition Illikambur — Milla Snorrason x Studio Hanna Whitehead could also be referred to as a conversation of sorts. In it, Hilda Gunnarsdóttir new collection for her clothing label, Milla Snorradóttir, will be

displayed in intriguing juxtaposition with Whitehead's specially designed jewellery. Gunnarsdóttir's work for Illikambur was inspired by the eponymous highland region of southeast Iceland, a distinctive area noted for its broad natural colour palette. “Hilda sent me photos she took while hiking in Illikambur, and that's how we started the project. We then did the work pretty much independently of one another, but using the same initial basis. We had to have faith in the process and that our contributions would gel with each other, which has always been the case before.”





Umsóknarfrestur fyrir DesignMatch 2018 er liðinn en það er ekki of snemmt að byrja að undirbúa sig fyrir næsta ár!

Undanfarin ár hefur Hönnunarmiðstöð Íslands staðið fyrir DesignMatch – kaupstefnu íslenskra hönnuða við erlend fyrirtæki og framleiðendur á HönnunarMars. Hanna Dís er meðal þeirra hönnuða sem hafa í kjölfarið gengið til samninga en í framhaldi af fundi hennar með stofnanda Ferm LIVING á DesignMatch 2016 bauðst henni að þróa kertastjaka úr eigin smíðju inn í vörulínu fyrirtækisins.

Úr varð stjakinn Around sem kom á alþjóðlegan markað í nóvember á síðasta ári. „Ferlið var mjög skemmtilegt og öll okkar samskipti ánægjuleg,“ segir Hanna Dís um samstarfið. „Þetta var í fyrsta sinn sem ég hannaði inn í vörulínu fyrirtækis af þessari stærðargráðu og fyrir mig er þessi reynsla – og að hafa prófað þetta ferli – mjög mikilvæg.“

ÍSLENSK HÖNNUN Í SINNI LITRÍKUSTU MYND

Í ár mun Epal sýna yfirlit verka eftir fjölbreyttan hóp hönnuða sem þykja hafa náð markverðum árangri á innlendum og erlendum vettvangi, ásamt því að kynna til leiks nýjar íslenskar hönnunarvörur. Epal hefur verið leiðandi afl innan íslenskrar hönnunarsenu frá stofnun fyrirtækisins árið 1975.

Icelandic design at its most colourful
This DesignMarch, Epal – a guiding force for the Icelandic design scene since 1975 – will play host to a retrospective covering a diverse group of designers felt to have achieved noteworthy milestones both locally and internationally, as well as introducing new Icelandic designs to the market.

Þú finnur okkur hér
Find us here

Epal
Skeifan 6



On the lookout for new designers? Apply now to participate in DesignMatch 2019.

DesignMatch pairs local designers and international design producers, retailers, curators, journalists and other design actors for a series of short meetings. It's matchmaking for design professionals. DesignMatch provides an opportunity to scan the Icelandic design scene for new ideas and suitable partners and topics, efficiently and effortlessly, with all meetings arranged to conveniently take place over the course of one day in one place.

Þátttakendur í DesignMatch í ár eru
Participating at this year's DesignMatch include

DesignHouse Stockholm
Nuovum
PAD Lifestyle
Thomas Eyck
Tom Dixon
TRE
Vij5

Guðmundur
Thoroddsen

02.02.–
15.04.2018

Innrás I Invasion I



Næstu listamenn
The following artists

Innrás II
Invasion II
Hrafnhildur Arnardóttir
/ Shoplifter
21.04.–12.08.2018

Innrás III
Invasion III
Matthías Rúnar
Sigurðsson
18.08.–04.11.2018

Innrás IV
Invasion IV
Margrét Helga
Sesseljudóttir
10.11.2018–20.01.2019

Ásmundarsafn
Sigtún, 105 Reykjavík

listasafnreykjavikur.is
artmuseum.is



DESIGN DIPLOMACY

Design Diplomacy er nú hluti af dagskrá HönnunarMars annað árið í röð en viðburðaröðin hlaut mikið lof gesta þegar hún var kynnt til leiks á síðasta ári. Hugmyndin, sem á rætur sínar að rekja til Hönnunarvikunnar í Helsinki, snýst um að sendiherrar bjóða gestum heim og stofna til opins samtals milli hönnuða um starf þeirra og önnur hönnunar-tengd málefni.

Sendiherrar sex ríkja á Íslandi taka þátt í dagskránni í ár og meðal þeirra sem koma fram eru arkitektar og fata- og textilhönnuðir. Hver viðburður fer þannig fram að hönnuður frá landi gestgjafans ræðir við íslenskan kollega sinn með aðstoð spurningaspjalda sem ætlað er að til að leiða til áhugaverðs samtals. Umræðuefnið tengjast hönnun en einnig ýmsum öðrum sviðum lífs og starfs hönnuða.

Takmarkaður sætafjöldi er í boði og áhugasömum er bent á að tryggja sér sæti á:
www.honnunarmars.is/designdiplomacy

Design Diplomacy will be part of DesignMarch for the second time. First introduced to the programme in 2017, this concept – borrowed from Helsinki Design Week – is a novelty take on a discussion event, where ambassadors open the door to their residences and invite us for an evening of design-centred talks and a canape party.

It's not your regular moderated panel talk though – at each of the events a designer from the hosting country meets an Icelandic designer for a game of question cards. The deck has been specially designed to power and spark the discussion. The topics reflect upon design, but not design only – the playful questions are sure to be a challenge both for the speakers and the audience. This year, six ambassadors in Iceland are participating, and the guest line-up includes architects, and fashion and textile designers.

There will be a limited number of seats in the audience, so please secure your spot at:
www.designmarch.is/designdiplomacy

USA



Leena Cho, lektor í landslagsarkitektúr við Arkitektúrdeild Háskólans í Virginíu, rannsakar áhrif veðurs og loftslags í lífeðlisfræðilegu borgar-umhverfi, sér í lagi í borgum á norðurlóðum.

Leena Cho, an Assistant Professor of Landscape Architecture at the University of Virginia School of Architecture, researches the weather and climate factors in biophysical urban environments, with a primary focus on Arctic cities.

Práinn Hauksson er einn eigenda Landslags, einnar stærstu landslags-arkitektúrstofu landsins. Sérsvið hans er landslags-hönnun og skipulag þéttbýlis, þjóðgarða og ferðamannastaða.

Práinn Hauksson is a co-owner of Landslag, Iceland's largest landscape architecture studio. His expertise spans landscape planning and design, urban planning, and national parks and tourist sites.

DANMÖRK



Henrik Vibskov vinnur þvert á faggreinar og leitar út fyrir hefðbundnar skilgreiningar á hugtökunum fatahönnuður og listamaður. Hann er meðal annars þekktur fyrir að skapa einstaka hliðar-heima fyrir fatalínur sínar.

Danish creative Henrik Vibskov transcends the conventional titles of 'fashion designer' and 'artist'. Being a man of many skills, he is most known for his wearable collections and the creation of eccentric universes that accompany them.

Hálfdan Pedersen er leikmyndahönnuður sem starfar að mestu á sviði innanhússhönnunar. Endurnýting hráefna og óhefðbundnar leiðir í sköpunarferlinu einkenna verk hans sem dansa á mörkum hönnunar og lista.

Hálfdan Pedersen's work is driven by sustainability, respect for craftsmanship and anti-waste mindset. Originally a set designer, his most recent work focuses on unconventional interiors that ride the boundary between art and design.

FINNLAND



Reeta Ek er textíl- og yfirborðshönnuður sem hefur meðal annars starfað fyrir Marimekko, Lapuan Kankurit, Nanso og Samuji. Hún var valin ungu hönnuður ársins árið 2017 af Design Forum Finland.

Reeta Ek is a textile and surface designer who has worked with the likes of Marimekko, Lapuan Kankurit, Nanso and Samuji. She was awarded the Young Designer of the Year prize of 2017, by Design Forum Finland.

Ragna Fróða er íslenskur fata- og textilhönnuður sem starfaði um árabíl fyrir Lidewij Edelkoort, einn þekktasta „trend forecaster“ heims. Ragna rekur eigið stúdíó ásamt því að stýra textíleild Myndlistarskóla Reykjavíkur.

Ragna Fróða is a fashion and textile designer. Currently the Head of Textiles at the Reykjavík School of Visual Arts, her previous work includes six years working with the renowned trend forecaster Lidewij Edelkoort.

KANADA



Rami Bebawi er stofnandi arkitektúrstofunnar KANVA í Montreal. Einstakur bakgrunnur, þverfagleg nálgun og skörp framtíðarsýn hefur aflað honum fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir verk sín.

Rami Bebawi is a leading figure of the contemporary architecture scene in Montreal. His unique background, multidisciplinary approach to design, and visionary creativity have earned him many distinctions and awards.

Borghildur Sturludóttir arkitekt starfar við skipulagssvið Reykjavíkurborgar þar sem hún vinnur að því að innleiða megináherslur og framtíðarsýn aðalskipulags Reykjavíkur til ársins 2030.

Borghildur Sturludóttir architect works in the planning department of the City of Reykjavík, implementing the main goals of the city's Municipal Plan 2030, with a special focus on strategic and urban development.

NOREGUR



Reulif Ramstad, stofnandi samnefndrar arkitektastofu í Osló, hefur hlotið lof fyrir djarfán en látausan arkitektúr með sterka tengingu við skandinavíska menningu og landslag.

Reulif Ramstad, founder of Oslo-based RRA, has earned a reputation for creating bold, simple architecture with a strong connection to the Scandinavian context and its diverse landscape.

Hrólfur Cela er einn hönnuða Bláa lónsins og fleiri merkra bygginga á Íslandi en sjálfbærni og samspil bygginga við umhverfi og náttúru eru mikilvægir þættir í verkum hans.

Hrólfur Cela has worked on many notable architectural projects in Iceland, including the Blue Lagoon. Sustainable architecture in harmony with surrounding landscapes and the environment are important aspects of his work.

SVÍPJÓÐ



Rahel Belatchew er vel þekkt fyrir umhverfisvænar lausnir og næma fagurfræði í verkum sínum. Í tilraunastúdíói sínu, Belatchew Labs, leitar hún lausna við áskorunum nútímaborga.

Rahel Belatchew is well known for the eco-friendly solutions and fierce aesthetics of her architecture. Her experimental studio, Belatchew Labs, also tackles the challenges of the contemporary city.

Steinþór Kári Kárason er prófessor í arkitektúr við Listaháskóla Íslands og annar eigenda Kurt og pí arkitektar. Meðal verka þeirra er Marshallhúsið sem hlaut Hönnunarverðlaun Íslands 2017.

Steinþór Kári Kárason is a founder of Kurt og pí Architects and Professor of Architecture at the Iceland Academy of the Arts. He recently completed the award-winning Marshall House regeneration project.

SLÆÐUR FYRIR LÆÐUR

Saga Kakala kynnir slæðulínu eftir Gjörningaklúbbinn í Listasafni Íslands en munstur slæðanna eru unnin út frá listaverkum hans. Gjörningaklúbburinn boðar uppreisn slæðunnar, hins saklausa og léttu efnisbútar sem tengir konur systraböndum og getur verið hápólitísk í ákveðnu samhengi. Orðið læða er dregið fram sem hluti af femínískri aðgerð Gjörningaklúbbsins og heiti slæðanna bera boðskapinn; það stendur enginn í vegi fyrir Dalalæðunni, Völvusýninni, Stjórnú Hafsins, Vonarglæðunni, Eldmóðurinni eða Kraftpíkunni.

Power Pearls

Saga Kakala introduces its new line of scarves, Power Pearls, designed by The Icelandic Love Corporation – an all-female art collective acclaimed both in Iceland and abroad for its performance art, visual work, and multimedia installations. ILC takes a feminist, rebellious approach to this seemingly innocent, lightweight textile, which is often highly politicized. ILC believes scarves can connect women around the world in sisterhood, a message of empowerment that can be seen in the names of some of the individual designs, such as The Oracle's Vision and The Mother of Fire – not to mention The Pussy of Power.

Þú finnur okkur hér
Find us here

Listasafn Íslands
National Gallery
of Iceland
Fríkirkjuvegur 7

Icelandic wool



VERTU AKKÚRAT!

Í hönnunarversluninni Akkúrat verða Studio Fræ, Sif Benedicta, Dögg Design, Hring eftir Hring og Usee Studio með sérstaka innsetningu í tilefni HönnunarMars.

Be Akkúrat!

Studio Fræ, Sif Benedicta, Dögg Design, Hring eftir Hring and Usee Studio will have a special installation at design store Akkúrat for DesignMarch.

Þú finnur okkur hér
Find us here

Aðalstræti 2

Við erum hér
Find us here
Funahöfði 3

AFGANGAR & NÝJUNGAR

AGUSTAV og Kjartan Óskarsson studio opna nýtt sýningarrými sem er staðsett í sama húsi og verkstæði fyrirtækjanna. Þar munu gestir fá tækifæri til að kynna öllu hönnunarferlinu frá upphafi til enda. AGUSTAV hefur að auki hannað nýja vörulínu í tilefni af 10 ára afmælishátíð HönnunarMars sem gengur meðal annars út á að nýta alla afganga sem falla til á verkstæðinu og stuðla að aukinni umhverfisvitund.

AGUSTAV and Kjartan Óskarsson studio are opening a new exhibition space, located in the same building as the companies' workshops. Here, guests will have the opportunity to learn about the entire design process from start to finish. In addition, AGUSTAV has designed a new product line in honour of DesignMarch's 10-year anniversary which is based, among other things, on the principles of utilizing any surplus in its workshop and promoting increased environmental awareness.

SNYRTISETT HESTAHIRÐISINS

Við erum hér
Find us here

A. M. Concept Space
Garðastræti 2

Við erum hér
Find us here

Listaháskóli
Íslands
Iceland Academy
of the Arts
Þverholt 11

NÁÍN FRAMTÍÐ

Vöruhönnunarnemar á þriðja ári í Listaháskóla Íslands velta fyrir sér íslenska hestinum á sýningunni *Náin framtíð*, sem unnin var undir handleiðslu Tinna Gunnarsdóttur og Friðriks Steins Friðrikssonar. Í rannsóknarferlinu ímyndaðu nemendur sér veruleika þar sem hesturinn hefur snúið aftur í borgarumhverfið eftir langa fjarveru vegna tilkomu bílsins. Þannig velta þau fyrir sér eðli sambands hesta og manna og kanna möguleikana sem fólgnir eru í veruleika þar sem hesturinn býr í meiri nálægð við mannfolk en í dag.

Intimate Futures

Third-year students from the Iceland Academy of the Arts ponder the nature of the Icelandic horse in the exhibition titled *Intimate Futures*, which was developed under the supervision of Tinna Gunnarsdóttir and Friðrik Steinn Friðriksson. During the course of their research, the students imagined a reality wherein the horse had returned to the city following a lengthy absence, due to the emergence of the automobile. This led them to a variety of conclusions regarding the relationship between horse and man, and to explore the possibilities inherent in such a reality, one where horses dwelt in far closer proximity to humans than they do in modern times.

Rannsóknarverkefni Garðars Eyjólfssonar *The Horsekeeper's grooming kit*, beinir sjónum sínum að tengingu manna og dýra, efnis og menningar. Afaksturinn er meðal annars snyrtisett unnið úr hesthófum og ljósmyndir og myndbandsverk sem samtvinna athugun á sambandi menningar og náttúru og framleiðslu hönnunarvara.

Garðar Eyjólfsson's research project, *The Horsekeeper's Grooming Kit*, focuses on the relationship between humans and horses in Iceland. Driven by material and contextual research, the project uses artefacts, photographs and video work to examine the relationship between culture, nature, and the production of design products.

54 CELSIUS

Nýr meðlimur Pyropet kertaseríunnar verður kynntur til leiks á HönnunarMars ásamt frumgerðum af glænýjum vörum frá 54 Celsius eftir hönnuðina Þórunni Árnadóttur, Theodóru Alfreðsdóttur, Adrianus Kundert og Ólöfu Erlu Bjarnadóttur.

The newest addition to the Pyropet candle series, *Einar the unicorn*, will be introduced, alongside exciting new prototypes from 54 Celsius, designed by Þórunn Árnadóttir, Theodóra Alfreðsdóttir, Adrianus Kundert and Ólöf Erla Bjarnadóttir.

Við erum hér
Find us here

Rammagerðin
Skólavörðust. 12



Welcome



Pre-booking is required, book online at bluelagoon.com

BLUE LAGOON
ICELAND

KORT/MAP

KIPPTU KORTINU MEÐ ÞÉR Á
HÖNNUNARMARS! ALLAR UPP-
LÝSINGAR UM TÍMASETNINGAR
OG SÝNINGAROPNANIR FINNUR
ÞÚ Á WWW.HÖNNUNARMARS.IS



FIND YOUR WAY THIS DESIGN-
MARCH WITH OUR PULL-
OUT
MAP AND EVENTS LIST! FOR
THE FULL PROGRAMME, INCLUD-
ING DATES AND TIMINGS, SEE
WWW.DESIGNMARCH.IS

- 1** HAFNARHÚS
REYKJAVIK ART MUSEUM, TRYGGVAGATA 17
#endurvinnuálið
#aluminiumrecycled
100 persónur árið 2018
100 Characters in the Year 2018
FÍT 2018
Assoc. of Icelandic Graphic Designers
GRAPÍKA ISLANDICA
Afhjúpun kennimerkis
The Unveiling of a Logo
Mæna 9 útgáfupartý
Mæna 9 Release Party
EndurTeikning
ReDraw
Systralag
Sisterhood
TypoCraftHelsinki to Reykjavik
- 2** AÐALSTRÆTI 2
Bea Szenfeld
By Petra Bender
Stafróf Þórarins Eldjárns
Þórarinn Eldjárn's Alphabet
Stússað í steininum
Making Stuff in Prison
Vertu Akkúrat á Hönnunarmars 2018!
Be "Akkúrat" at DesignMarch 2018!
- 2** INGÓLFSTORG
Svífandi göngustígakefi
Sýning á frumgerð
Hovering Trails — Prototype
- 2** GRÖNDALSHÚS, FISCHERSUND
Allir fuglar úr eggri skriða
Eggshibition
- 2** KIRSUBERJARTRÉÐ, VESTURGATA 4
Textalýsing / Hlutur
Description / Object
- 3** BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS
GRÓFIN CULTURE HOUSE
Ex Libris – Mitt eigið bókasafn
Ex Libris – My Own Library
- 4** AÐALSTRÆTI 10
ShiftED
Skarta
Tartans Designed for Iceland

- 5** RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK CITY HALL, TJARNARGATA 11
Hvað svo?
What's Next?
Strætóferð með borgarstjóra
um nýju Reykjavík
The Mayor's guided bus tour
of the New Reykjavik City
- 6** A. M. CONCEPT SPACE, GARÐASTRÆTI 2
A. M. Concept Space Showroom
Snyrtisett Hestahriðisins
The Horsekeeper's Grooming Kit
- 7** ICELANDAIR HOTEL REYKJAVIK MARINA
MÝRARGATA 2
DesignTalks Flashback
Screening—Cinema
Íslenska lopapeysan – uppruni,
saga og hönnun
The Icelandic Lopi Sweater –
Its Origins, History and Design
Studio Trippin
- 8** STEINUNN STUDIO, GRANDAGARÐUR 17
Hvítur draumur tilfinninga
White Dream of Emotions
- 9** SÓLIR, FISKISLÓÐ 53–55
Norræn þögn
Nordic Silence
- 10** MINØR COWORKING, FISKISLÓÐ 57
Minør coworking / open house
- 11** HLÍN REYKDAL CONCEPT STORE, FISKISLÓÐ 75
Reykdalssystur
The Reykdal Sisters
- 12** MARSHALLHÚSIÐ, GRANDAGARÐUR 20
Leiðsögn um Marshallhúsið
The Marshall House – A Guided Tour
- 13** LISTASTOFAN, HRINGBRAUT 119
SEASON of MELANCHOLY
- 14** ÞJÓÐMINJASAFNIÐ, NATIONAL MUSEUM
OF ICELAND, SUÐURGATA 41
Málþing um sýningarhönnun
Exhibition Design Symposium
Umbreytingar
Transformations
- 15** VERÖLD – HÚS VIGDÍSSAR
VIGDÍSS FINNBOGADÓTTIR INSTITUTE
OF FOREIGN LANGUAGES, BRYNJÓLFSGATA 1
Butterfly Project

- 16** NORRÆNA HÚSIÐ
NORDIC HOUSE, SÆMUNDARGATA 11
Fine Lines
Forms Of Life
Innblásið af Aalto:
með sjálfbærni að leiðarljósi
Inspired by Aalto:
Sustainability as an Attitude
Reykjavik Runway Hönnunar
POP—UP 2018
Reykjavik Runway Design
POP-UP 2018
Weaving Kiosk
- 17** HÓTEL NATURA & SPA, NAUTHÓLSVEGUR
Angan x Swimslow
- 18** SÆNSKI SENDIHERRABÚSTAÐURINN, SWEDISH
AMBASSADOR'S RESIDENCE, FJÓLUGATA 9
Úrgangur sem auðlind
Waste as a Resource
- 19** LISTASAFN ÍSLANDS, NATIONAL
GALLERY OF ICELAND, FRÍKIRKJUVEGUR 7
Slæður fyrir læður
Power Pearls
- 20** HARPA, AUSTURBAKKI 2
Wave by Genki Instruments
- 21** SAFNAHÚSIÐ
CULTURE HOUSE, HVERFISGATA 15
Annað samtal
Another Dialog
Flatbökusamsteypan
The Pizza Collective
Runes: The Icelandic Book of Fuþark
- 22** AURUM, BANKASTRÆTI 4
Inn Rás
In Vasion
SAND / Aurum
- 22** MENGI, ÓÐINGSGATA 2
MENGI Objects
1+1+1+Sweet Salone
- 22** STEFÁNSBÚÐ/P3, INGÓLFSSTRÆTI 2B
Henrik Vibskov
- 23** CANOPY REYKJAVÍK, SMÍÐJUSTÍGUR 4
Umbreyting Creation #3
Transformation Creation #3
- 23** KAOLIN KERAMIK GALLERI, SKÓLAVÖRÐUST. 5
Hið eilífa smáblóm
Eternity's Flower

- 24** GEYSIR HEIMA, SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12
1+1+1 Sweet Salone sýnir í Geysi
1+1+1 Sweet Salone + Geysir
Lifandi hlutir
The Living Objects
Mót
Mould
SOUVENIR / MINNING
STUDIO A í Geysir Heima
STUDIO A at Geysir Heima
- 24** RAMMAGERÐIN, SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12
54 Celsius - sjóðheitt nýtt stöf!
54 Celsius – New Hot Stuff!
- 24** LANDSLAG, SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 11
Borgarhönnun og Lýðheilsa
Urban Design and Public Health
- 24** YEOMAN, SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 22B
Venus
- 25** GALLERY PORT, LAUGAVEGUR 23B
AD CONNECTS
Or Type fimm ára
Or Type Five Years
- 25** GLORÍA, LAUGAVEGUR 37
WIND UP
- 26** BÍO PARADÍS, HVERFISGATA 54
Aestetik Documentary Screening
and Design Studio Pop-Up
- 26** ERLING – HELGA ÓSK, HVERFISGATA 39
Andaðu
Breathe
- 27** GALLERÍ HARBINGER, FREYJUGATA 1
Illikambur – Milla Snorrason X Studio
Hanna Whitehead
- 28** PORTLAND, BALDURSGATA 36
Hljómhrif
innriinni — The Adventure of Silica
and the Ode to the Rock
- 28** TULIPOP, SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 43
Samstarf 66°Norður og Tulipop
Tulipop + 66°North
- 29** 38 ÞREP, LAUGAVEGUR 49
Samhengi
Context

- 29** KIMI, FRAKKASTÍGUR 14
Allt er vænt sem vel er grænt
All That's Green is Good
- 30** KEX HOSTEL – GAMLA NÝLO, SKÚLAGATA 28
Stuðull
Til hamingju
The Etymology of til (to) + hamingju,
the Genetive of hamingja (happiness)
ULLARlag
WOOLscape
Práður landnáms & hönnunar
Thread of Settlement & Design
- 31** BISMÚT, HVERFISGATA 82
Catch of the Day
- 31** MUN, BARÓNSSTÍGUR 27
HönnMUNarmars
DesignMUNch
- 32** ORR, LAUGAVEGUR 116
PAR
A PAIR
- 32** VERSLUN RAUÐA KROSS ÍSLANDS
ICELANDIC RED CROSS, LAUGAVEGUR 116
Mottur í mars
The Red Cross Rugs
- 33** LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
ICELAND ACADEMY OF THE ARTS
ÞVERHOLT 11
Matís X LHÍ. Matarhönnun
og matartengd nýsköpun
Matis X LHÍ Food Design
and Food Venture Creation
Náin framtíð
Intimate Futures
- 34** KJARVALSSTAÐIR REYKJAVIK ART MUSEUM,
FLÓKAGATA 24
HAV – An Exhibition of the
Blue Fashion Challenge
Henrik Vibskov
- 35** SKIPLAGSSTOFNUN, BORGARTÚN 7B
Endurnýtt efni í hönnun
Reused Materials in Design
- 36** ARION BANKI
ARION BANK, BORGARTÚN 19
Önnur sæti
Runners Up
- 37** ANNAG, SÓLTÚN 20
Endurfundur
Reunion

- 38** LUMEX, SKIPHOLT 37
Motta
Carpet
- 39** KRINGLAN
Skissum saman
Let's Sketch Together
Hringrás
Circulation
LET'S BEAT FASHION
- 40** VARMA / GLÓFI, ÁRMÚLI 31
Opið hús — Verksmiðja í borg
Open House – Varma, a wool factory
- 41** EPAL, SKEIFAN 6
Íslensk hönnun í sinni litríkustu
mynd á HönnunarMars
The Countless Colours
of Icelandic Design
Úr böndunum
Losing the Thread
- 42** BRÚARVOGUR 1–3
Heimsókn í hringiðuna
Design Whirlpool
- 43** AGUSTAV & KJARTAN ÓSKARSSON STUDIO,
FUNAHÖFÐI 3
Afgangar & nýjungar
Furniture & leftovers
- 44** KORPÚLFSSTAÐIR
Dimmalimm
Verðum í bandi
Hanging by a Thread
- 45** SKÓGRÆKT REYKJAVÍKUR
HEIÐMÖRK, ELLIÐAVATNSLAND
Skógarnytjar
(forest utility)
- 46** BORGARBÓKASAFNIÐ MENNINGARHÚS
GERÐUBERG CULTURE HOUSE
Í leikjaheimi
Entering GameWorld
- 47** HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART
GARÐATORG 1
Dyslextwhere
Safnið á röngunni með
Einari Þorsteini Ásgeirssyni
Behind the Scenes with
Einar Þorsteinn Ásgeirsson
Undraveröld Kron by Kronkron
The Imaginarium of Kron by Kronkron


HönnunarsMars
Reykjavík
15.–18.03.2018



ÍSLENSK HÖNNUN Í SINNI LITRÍKUSTU MYND

Sýnendur: Fólki Reykjavíkur + Gagn + Hring eftir Hring + Sveinbjörg by Vorhus living + Páll Guðmundsson + Hanna Dís Whitehead + Erla Sólveig Óskarsdóttir + Katrín Ólína + Sigurjón Pálsson + Þórunn Árnadóttir + Tulipop + Umemi + Helga Sigurbjarnadóttir + Chuck Mack + Sveinn Kjarval + Guðmundur Lúðvík + Vík Þrjónsdóttir

Ásamt: Nemendasýning frá Myndlistaskóla Reykjavíkur: Úr böndunum undir stjórn Rögnu Fróðadóttur



Opnunartímar: Fim: 10:00 – 18:00 · Fös: 10:00 – 18:00 · Lau: 11:00 – 16:00 · Sun: 12:00 – 16:00

HAFNARHÚSIÐ

Reykjavík Art Museum

Við erum hér
Find us here

Hafnarhús
Reykjavík Art
Museum
Þyggvagata 17

FÍT 2018



Í Hafnarhúsinu stendur Félag Íslenskra teiknara fyrir veglegri samsýningu á HönnunarsMars þar sem gestum gefst tækifæri til að skoða helstu strauma og stefnur í grafískri hönnun á Íslandi í dag. Má þar helst nefna Hönnunarsamkeppni FÍT 2018, uppskeruhátíð grafískrar hönnunar á Íslandi; samsýningu Fyrirmyndar, félags myndhöfunda og teiknara; og sýningu á vinnings-tillögum nýs einkennis Grapíku Íslandica, nýstofnaðs félags kvenna í hönnun. Einnig fer þar fram einkasýning grafíska hönnuðarins Bergþóru Jónsdóttur, samsýningin TypoCraft Helsinki to Reykjavík og útgáfuhófi Mænu, tímarits þriðjaársnema í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands sem kemur nú út í níunda sinn.

The Association of Icelandic Graphic Designers (FÍT) will be mounting an extravagant collaborative exhibition at Reykjavík Art Museum this DesignMarch, where visitors will have the opportunity to explore the main trends in contemporary Icelandic graphic design. Among the exhibits will be this year's finalists from FÍT's Annual Design Contest; a private exhibition featuring the work of graphic designer Bergþóra Jónsdóttir; the unveiling of a new logo for Grapíka Íslandica, the newly formed association of female designers in Iceland; and the collaborative exhibition TypoCraft Helsinki to Reykjavík. There will also be a release party for the ninth edition of Mæna, the annual journal published by third-year graphic design students at the Iceland Academy of the Arts.

Sýnendur
Participants

Børk Studio
Magnús Ingvar Ágústsson
Rakel Tómasdóttir
Sigga Rún
Stúdíó Kleina
Viktor Weissappel

← ÍSLAND

Eeva Sivula
Ilona Ilottu
Ilkka Kärkkäinen & Vera Kulju
Inka Bell
Laura Villi
Päivi Meuronen
Tony Eräpuro
Tuija Tarkkainen
Tuula Pöyhönen

← FINLAND

TYPOCRAFT HELSINKI TO REYKJAVÍK

Verkefnið TypoCraftHelsinki á rætur sínar að rekja til Finnlands og er eins konar farandsýning þar sem finnskir hönnuðir ferðast til ólíkra landa og vinna með þarlandum hönnuðum, í þessu tilfalli frá Íslandi. Verkefnið sameinar leturgerð, hönnun, list og handverk — en fyrsta sýningin var haldin árið 2015. Alls taka sautján hönnuðir eða stúdíó þátt í sýningunni, sem haldin verður í portinu í Hafnarhúsinu. Hönnuðirnir vinna með þemað leiðangur og útgangspunktur verkefnisins er týpógráfía í hinum ýmsu myndum.

Magnús Hreggviðsson, formaður Félags íslenskra teiknara, er einn af skipuleggjendum sýningarinnar og tekur einnig þátt í henni sem meðlimur Børk Studio. Hann tók enn fremur þátt í að velja íslenska hönnuði inn á sýninguna. „Ég kem inn í þetta sem tengiliður íslensku hönnuðanna,“ segir hann. „Alls konar hönnuðir geta tekið þátt í verkefninu en við vildum einbeita okkur að því að velja inn grafíska hönnuði þar sem við komum inn í þetta á forsendum FÍT. Við vildum þó velja grafíska hönnuði sem vinna með fjölbreytta miðla, hvort sem það eru skúlptúrar, textíll, vídjó eða eitthvað annað. Við vildum fá fjölbreyttar nálganir á efnið og forðast það að sýna bara póstera og hönnuði frá auglýsingastofum. Svo þarf ekki að hugsa um þemað, leiðangur, sem lokaniðurstöðu heldur getur afraksturinn líka verið rannsókn eða ferli. Þetta er skemmtilegt verkefni að því leyti að þetta hvetur til samstarfs á milli hönnuða frá ólíkum löndum.“

Við erum hér
Find us here

Hafnarhús
Reykjavík Art
Museum
Tryggvagata 17

Texti Words by
Þóra Löve

Ljósmynd Photo by
Rafael Pinho

TypoCraftHelsinki is a project from Finland that operates as a kind of mobile exhibition, wherein Finnish designers visit different countries and collaborate with local talent, in this case Iceland. The project combines typography, design, art and craftsmanship, and was first presented to the public in 2015. This year's exhibition will feature seventeen designers or studios – Finnish and Icelandic – and will be viewable at the Hafnarhús Reykjavík Art Museum. The designers' shared theme this time was expedition, with typography in its various forms serving as the project's touchstone.

Magnús Hreggviðsson is the foreman of the Association of Icelandic Illustrators and one of the exhibition's chief organizers, not to mention one of its featured artists; he appears on behalf of Børk Studio. Among his duties was the selection of participating Icelandic designers. "My job is to be a liaison of sorts for the Icelandic designers," he explains. "Any kind of designer can be part of the project, but we wanted to focus on graphic designers, since our goal is to best represent the Illustrators' Association. We did make sure to pick graphic designers who work with a broad variety of media, whether it's sculpture, textiles, video art, or whatever else. We wanted lots of different approaches, as opposed to just posters and designers from ad firms. And the 'expedition' theme doesn't have to define the end result; the research and the process itself can be its own result. It's a fun project, since it encourages international cooperation among designers."

← MAGNÚS

Leturhönnuðurinn Rakel Tómasdóttir er einn af þátttakendum sýningarinnar en hún sýnir veggspjaldaseríu með lettrinu Silk. Rakel byrjaði að hanna Silk í leturhönnunarfanga í Listaháskólanum og endaði svo á því að nota það fyrir tímaritið Glamour, sem hún setur upp. Letrið þróaðist síðan yfir í lokaverkefnið hennar þar sem hún gerði úr því leturfjölskyldu. „Letrið er fínlegt, enda hannað með tískutímarit í huga. Það var frekar lengi í vinnslu enda algjört maus að búa til svona letur.“ Aðspurð um veggspjöldin segir Rakel að þema sýningarinnar, leiðangur, hafi minnt sig á kulda og drunga. „Ég tek texta og brýt hann upp og blanda honum inn í íslenskt landslag. Ég er í raun að reyna að aðskilja hljóðið frá stöfunum, svo að fókusinn sé á form stafanna frekar en merkingu þeirra.“

Typographer Rakel Tómasdóttir is one of the featured designers, with her contribution taking the form of a series of posters featuring her new font, Silk. Rakel began working on Silk while enrolled in a typography course at the Iceland Academy of the Arts, but ended up using it in the Icelandic edition of Glamour magazine, where she works as a graphic designer. The font then gradually evolved into a whole typeface, which she presented as her final project at the Academy. "It's a very delicate font, since it was designed specifically for use in fashion magazines. I ended up working on it for a good long while. There's a lot of work involved in designing a font like that." In reference to the placards at the exhibition, Tómasdóttir says that the exhibition's central theme, 'expedition,' brought to her mind images of cold and darkness. "I'll take copy and break it up, mixing it into Icelandic landscapes. What I'm really trying to do is separate the sounds from the letters, so the focus becomes the shape of the letters, rather than their implied meaning."

← RAKEL

ÁLÍÐ ENDURUNNIÐ

Við erum hér
Find us here

Hafnarhús
Reykjavík Art
Museum
Tryggvagata 17

Verkefnið #endurvinnumálið er unnið í samstarfi íslenskra hönnuða og Málmsteyppunnar Hella. Um síðustu jóla og áramót var efnt til söfnunaráttaks á áll utan um sprittkerti í þeim tilgangi að efla vitund almennings um mikilvægi þess að flokka og endurvinna sorp. Hönnuðirnir Sigga Heimís, Olga Ósk Ellertsdóttir, Ingibjörg Hanna og Studio Portland voru fengnir til þess að hanna nýttahluti úr álinu og verður afrakstur þessa samstarfs sýndur í Hafnarhúsinu á HönnunarMars. Á sýningunni fá gestir tækifæri til þess að rýna í allt ferlið, frá söfnunaráttakinu til vörunnar, en innblástur var sóttur í daglegt líf Íslendinga.

Aluminium Recycled

The project entitled #endurvinnumálið ('recycle the aluminium') is the product of a cooperative venture between Icelandic designers and metal casting foundry Hella. This last holiday season saw a concerted effort to collect used aluminium tealight candleholders, raising public awareness and stressing the importance of sorting and recycling refuse. Designers Sigga Heimís, Olga Ósk Ellertsdóttir, Ingibjörg Hanna and Studio Portland were tasked with designing practical household objects from the gathered aluminium, with the results to be displayed at Hafnarhús Reykjavík Art Museum this DesignMarch. The exhibit will offer visitors the opportunity to examine the entire process from initial collection to finished product, all of it inspired by the daily lives of Icelanders.

MEÐMÆLI HÖNNUÐA DESIGNERS PICK

Hvað finnst þér skemmtilegast við HönnunarMars?

Það er óvænta elementíð í kringum allan þennan fjölda viðburða sem eru á hverju ári. Það er einfaldlega ekki hægt að komast komast hjá því að verða fyrir hughrifum og fá innspýtingu í sína eigin vinnu.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í Reykjavík?

Skúlpúrgarður Einars Jónssonar er einstakur staður, sem og safnið, eins konar perla í Reykjavík sem mér finnst yndislegt að heimsækja.

Hverju ætla þú ekki að missa af í ár?

Ég er mjög spennt að kíkja við á *Andaðu* hjá gullsmiðunum Erling og Helgu Ósk á Hverfisgötunni. Eins held ég að *Flatbökusamsteypan* hjá Julia & Julia sé spennandi, þar sem skoðað er hvort hægt sé að gera flatböku úr 100% íslenskum hráefnum.

Skartgripahönnuður
Jewellery Designer

HELGA MOGENSEN

What do you like most about DesignMarch?

It's the unexpected element surrounding this large number of events every year. It's simply impossible not to find inspiration for one's own work.

What's your favourite place in Reykjavík?

The Einar Jónsson sculpture garden, along with the museum, is a special place, a gem of Reykjavík that I enjoy visiting.

What are you not going to miss this year?

I'm really excited to see *Andaðu* at goldsmiths Erling and Helga Ósk's workshop on Hverfisgata. I'm also excited about *Flatbökusamsteypan* at Julia & Julia, where there will be an attempt to make pizza entirely from Icelandic ingredients.

HÖNNMUNARMARS

Við erum hér
Find us here

MUN
Barónsstígur 27

Hönnuðirnir að baki ANNA THORUNN Design, bybibí, FÆRID, North Limited og IHANNA HOME bjóða gesti velkomna í MUN sem er allt í senn sameiginleg vinnustofa þeirra, gallerí og verslun.

Icelandic designer brands bybibí, FÆRID, North Limited, IHANNA and ANNA THORUNN Design invite guests to their shared studio where they will introduce their newest designs during DesignMarch.



HENRIK VIBSKOV

Fatahönnuðurinn Henrik Vibskov er þekktastur fyrir fatalínur sínar þar sem skandinavískur minimalismi er afbak-aður með leikgleði og húmor að vopni. Vibskov verður með innsetningu í Listasafni Reykjavíkur Kjarvalsstöðum á HönnunarMars.

Fashion designer Henrik Vibskov is best known not only for his fashion label, but also for the multitude of twisted yet tantalising universes he creates for each collection. This DesignMarch Vibskov will exhibit an installation piece at Kjarvalsstaðir, Reykjavik Art Museum.

LEIÐSÖGN UM MARSHALLHÚSIÐ

**A guided tour of
The Marshall House**

Við erum hér
Find us here

**Marshallhúsið
Grandagarður 20**

Arkitektarnir Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason, eigendur arkitektastofunnar Kurt og pí, bjóða upp á leiðsögn um Marshallhúsið í tilefni HönnunarMars. Sérstök áhersla verður lögð á sýningarrými Ólafs Elíassonar en jafnframt munu þeir fara yfir ferlið í kringum breytingar á byggingunni, allt frá fyrstu hugmyndum um breytta nýtingu hússins fram til dagsins í dag. Marshallhúsið hlaut Hönnunarverðlaun Íslands árið 2017 en þar eru til húsa Nýlistasafn Íslands, Kling & Bang, vinnustofa og sýningarrými Ólafs Elíassonar myndlistarmanns og veitingastaðurinn Marshall Restaurant + Bar.

Ásmundur Hrafn Sturluson and Steinþór Kári Kárason, the architects and owners of architectural firm Kurt og pí, will lead a guided tour of The Marshall House in honour of DesignMarch. Particular emphasis will be placed on Ólafur Elíasson's exhibition space, but the pair will also detail the entire transformation process, from the initial idea of finding new uses for the building and up to the present day. The Marshall House, which won The Icelandic Design Award in 2017, is home to the Living Art Museum, Kling & Bang, artist Ólafur Elíasson's workshop and exhibition space, and the Marshall Restaurant + Bar.



Frakkastígur 16, Fákafen 11, Melhagi 22 og Hlemmur Mathöll. Braudogco@braudogco.is

1+1+1

Íslenska hönnunarteymið Hugdetta, hin finnsku Aalto+Aalto og sænski hönnuðurinn Petra Lilja leiða nú saman hesta sína í nýju verkefni. Hópurinn, sem kallar sig 1+1+1, vinnur á ferilsknúinn og tilraunakenndan máta þar sem afurðin er ófyrirsjáanleg. Hvert teymi hannar hlut sem samanstendur af þremur mismunandi pörtum, sem síðan má endurraða og tefla saman við parta hinna teymanna. Afrakstur samstarfsins verður frumsýndur í Mengi á Hönnunar-Mars og vörulínan verður jafnframt til sölu í Geysir Heima. Línan, sem inniheldur hluti úr basti, leir og bómull, er unnin í samvinnu við handverksfólk í Sierra Leone og er partur af verkefninu Sweet Salone, sem sett var á laggirnar af Auroru velgerðarsjóði.

Icelandic design team Hugdetta, Finnish design studio Aalto+Aalto, and Swedish designer Petra Lilja are now bringing their talents to bear on a new project. The group, which calls itself 1+1+1, takes a process-driven and experimental approach, such that none of the collaborators knows what the end product will look like before it's finished. Each collaborator designs an object that is comprised of three different parts that can then be reorganized and puzzled together with the objects created by the other teams. The result of the collaboration will be premiered at Mengi during DesignMarch, during which time, the product line will also be available for sale at design store Geysir Heima. The line – which includes objects made out of raffia, clay, and cotton – is being produced in collaboration with artisans in Sierra Leone and is part of the Sweet Salone project launched by Icelandic charity The Aurora Foundation.

Við erum hér
Find us here

Geysir Heima
Skólavörðustígur 12
+
Mengi
Óðinsgata 2

AD CONNECTS

Fatamerkið AD stendur fyrir gjörningi í Gallery Port þar sem fatahönnuðurinn Sigrún Halla Unnarsdóttir, myndlistarmaðurinn Loji Höskuldsson og tónlistarmaðurinn Ívar Pétur Kjartansson munu leiða saman innstu kjarna sína í átt að töfrandi núllpunkti. Gjörningurinn telur 62 mínútur en það er tíminn sem það tekur gráa svæði heilans að breytast við hugleiðslu. Gestum er frjálst að hrífast með og koma og fara að vild.

Við erum hér
Find us here

Gallery Port
Laugavegur 23b

Icelandic clothing brand AD presents a performance art piece featuring fashion designer Sigrún Halla Unnarsdóttir, visual artist Loji Höskuldsson and musician Ívar Pétur Kjartansson. The three artists will merge their innermost cores into an otherworldly singularity spanning 62 minutes of earthly time, which is the time it takes for the human brain's grey matter to fully transform when a person meditates. Guests are invited to partake at Gallery Port, and to come and go as they please.



STRÆTÓFERÐ MEÐ BORGARSTJÓRA UM NÝJU REYKJAVÍK


The Mayor's guided bus tour of the New Reykjavik City

Við erum hér
Find us here

Hefst hjá Ráðhúsi Reykjavíkur
Starts from City Hall

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, býður upp á leiðsögn um borgina í sérmerktum HönnunarStræto. Dagur fer yfir helstu mál er varða arkitektúr, hönnun og uppbyggingu borgarinnar en Reykjavík gengur nú í gegnum eitt sitt mesta umbreytingaskeið. Ferðin tekur um klukkustund og hefst hjá Ráðhúsinu og endar við Hlemm. 60 pláss eru í boði, þar af 30 í sæti. Frímiða má nálgast á tix.is

Mayor Dagur B. Eggertsson will be narrating guided tours of Reykjavik in a specially marked DesignBus as part of this year's DesignMarch schedule. Eggertsson will be covering a variety of topics on the tour, including architecture, design, and the gradual expansion of a city currently undergoing some of its most radical changes. The tours, which will be held in Icelandic with summaries in English, will start at City Hall and end at Hlemmur Square. There are 60 places available on each tour, seated and standing. Book your free ticket at tix.is



ALLT ER VÆNT SEM VEL ER GRÆNT

Húsgagna- og iðnhönnuðurinn Erla Sólveig Óskarsdóttir opnar sýninguna *Allt er vænt sem vel er grænt* á vinnustofu sinni í tilefni HönnunarMars. Þar hefur Erla Sólveig skapað litla gróðurvin í miðborginni miðri og vönduð og tímalaus hönnun hennar verður sett í óvænt samhengi.

Erla Sólveig opnaði vinnustofuna og sýningarrýmið Kima á síðasta ári en þar gefst áhugasömum tækifæri á að kynna sér og festa kaup á hönnun hennar allt árið um kring.

Furniture and industrial designer Erla Sólveig Óskarsdóttir will be opening her workspace to the public this DesignMarch for the launch of her new exhibition, All That's Green Is Good. Óskarsdóttir has carved out a patch of greenery in the heart of the downtown area, where her intricate and timeless designs will now be recontextualized in surprising new ways.

Óskarsdóttir opened the workshop/exhibition space Kima last year, where her work is freely available for viewing and purchase all year round.

Við erum hér
Find us here

Kimi
Frakkastígur 14

MÁLÞING UM SÝNINGARHÖNNUN

Við erum hér
Find us here

Þjóðminjasafn Íslands
National Museum of Iceland
Suðurgata 41

Málþingið Exhibition Design Symposium verður haldið í fyrirlestraral Þjóðminjasafnsins á HönnunarMars en þar verða leiddir saman margir af helstu sýningarstjórum, hönnuðum og listamönnum landsins í samtali um sýningarhönnun á Íslandi. Á málþinginu verður framtíð íslenskrar sýningarhönnunar rædd, auk þess veruleika sem greinin stendur frammi fyrir í dag. Fyrirlesarar kynna hugmyndir sínar og verk og taka þátt í pallborðsumræðum um efnið þar sem áheyrendur eiga kost á því að spyrja spurninga. Áheyrendur fá innsýn í vinnulag sýningarhönnuða en markmið málþingsins er að víkka og dýpka skilning á sýningarhönnun og þeim möguleikum og takmörkunum sem greinin býður upp á.

The Exhibition Design Symposium will be held in the National Museum of Iceland's auditorium this DesignMarch, bringing together some of the nation's foremost curators, designers and artists for an in-depth symposium on exhibition design in Iceland. The symposium will address the future of Icelandic exhibition design and examine the realities facing the discipline today. Lecturers will present their ideas at length, before opening the floor for round table discussion and Q&A with attendees. Visitors will also be offered the opportunity to examine the science of exhibition design, as the stated goal of the symposium is to widen and deepen the public's understanding of exhibition design as a field of study.



Texti Words by
Michelle Site

Ljósmynd Photo by
Rafael Pinho

Verkefni vöruhönnuðarins Björns Steinars Blumenstein veita skarpa sýn á þær margslungnu framleiðsluleiðir sem eru grundvöllur hversdagslegs lífsstíls okkar. Með gagnrýnum en jafnframt lausnamiðuðum nálgunum kannar hann nýjar leiðir sem við getum haft í huga og nýtt okkur til að takast á við hnattvæddan heim og hið sjálfgefna hlutverk okkar sem neytendur. Við hittum Björn Steinar til að ræða tvær nýjar sýningar sem hann stendur fyrir á HönnunarMars og þátttöku hans á DesignTalks-ráðstefnunni.

BJÖRN STEINAR BLUMENSTEIN

Björn Steinar og Johanna Seelemann munu segja frá Cargo á DesignTalks 2018. Björn Steinar and Johanna Seelemann will talk about Cargo at DesignTalks 2018.

Catch of the Day
Bismút
Hverfisgata 82

Skógarnytjar
Skógrækt
Reyjavíkur
Heiðmörk
Elliðaavatnsland

Björn Steinar Blumenstein creates projects that offer a distinct perspective on the bewildering pipeline of contemporary production that enables our daily lifestyles. With a critical yet solution-oriented eye, he explores fresh ways we can consider and engage with our globalised world beyond our typical default role as a purchasing consumer. We met up with Björn Steinar to discuss two new exhibitions he will be presenting at DesignMarch and his talk at this year's DesignTalks conference.





← FYRIR ÞÁ
SEM SKILJA
ÍSLENSKU

Verkin þín virka á mig eins og nokkurs konar hönnunar- rannsókn. Hver er helsta ástæðan fyrir þessari nálgun?

Hönnun er ennþá nokkuð tilraunakennd á Íslandi og hönnuðir hafa enn ekki hlotið fastan sess innan samfélagsins svo við erum nokkuð frjálst. Það er á margan hátt mjög gott en getur líka verið hamlandi. Við búum yfir frekar fáum auðlindum og innviðir fyrir nýtingu þeirra eru að mestu leyti ómótaðir. Það tel ég að sé kveikjan að öllum þessum skrítnu verkefnum þar sem hönnuðir gera beinar tilraunir með efni og láta reyna á þolmörk þeirra og umgjáðarinnar í kring.

Getum við aðeins rýnt í sýningarnar þínar á Hönnunar- Mars 2018 og hönnunarferlið þar að baki?

Catch of the Day er verkefni sem tekst á við matarsóun. Ég hef verið að kafa ofan í ruslagáma í nokkur ár og fékk nóg af því að sjá í ruslinu mat sem ekkert var að. Ég fór í kjölfarið að velta því fyrir mér hvað hægt væri að gera við þetta hráefni.

Allt sem inniheldur meira en 20% alkóhól þarf ekki að hafa „best fyrir“ merkingu. Þar af leiðandi datt mér í hug að koma mætti í veg fyrir að matvælum væri sóað – og gefa þeim endalaust geymsluþol – með því að framleiða vodka úr aflögu matvælum.

Ég byrjaði á að vinna þetta með áfengisframleiðendum en það fór gríðarlegur tími í formsatriði sem hægðu á öllu ferlinu. Mér fannst ég þurfa að taka á þessu *strax* svo ég bjó til frjáls (e. open-source) eimingartæki sem bjóða fleirum að taka þátt í vinnslunni. Þetta er ef til vill ekki fullkomin lausn en engu að síður leið til að koma af stað mjög mikilvægri umræðu. Hugsunin er að minnsta kosti lausnamiðuð.

Aðstæður næsta verkefnis hjá þér eru allt aðrar – afar vel heppnað samstarf við íslenska skógrækt með það að augnamiði að undirbúa hana fyrir framtíðina.

Það verkefni kallast Skógarnytjar. Ég er að vinna með Skógræktarfélagi Íslands við að kortleggja nytjaskóga á Íslandi og nýtingarmöguleika þeirra. Í kjölfarið útbjó ég stuttan leiðarvísi fyrir hönnuði og bauð þeim að taka þátt í verkefninu og hanna úr íslenskum við. Ég hef sent þetta til u.þ.b. 100 hönnuða og ætla að koma þeim tillögum sem mér berast í verk. Á sýningunni á HönnunarMars verða fyrstu frumgerðirnar til sýnis.

Þetta verkefni varð til vegna þess að Ísland hefur verið skóglaut í þúsund ár og við erum fyrst nú komin með við í nýtanlegu magni. En ef allt fer fram sem horfir verður enginn farvegur tilbúinn fyrir afurðina þegar við fáum fyrstu uppskeruna í hendurnar.

ÞÚ GETUR HALDIÐ
ÁFRAM AÐ LESA Á
NÆSTU OPNU!

FOR THOSE WHO DON'T READ ICELANDIC ↓

Your work strikes me as a form of design research. What is the main reason for this approach?

In Iceland, design is still quite experimental. There is no fixed place for the designer within society so we are quite free.

That's the best thing about it and also the most limiting. We have relatively few material resources and the infrastructure is even less developed. That sparks all these funny projects where designers do hands-on material experiments and push it to the limits.

Can we dive a bit into your DesignMarch 2018 exhibitions and the design processes behind them?

Catch of the Day is a project that deals with food waste. I've been dumpster diving for years and I became fed up with seeing perfectly fine things in the trash and started wondering what I could do with this material.

Anything with over 20% alcohol doesn't require a "best before" date and that struck me as a way to give food materials an endless storage time by virtue of never going bad. That's why I started producing vodka.

I started doing it with professional companies but it was super-bureaucratic and slow. I needed to talk about this right now so I made an open-source distilling machine. That way more people could join me in doing something about this. It may not be a perfect solution but it's a way to start a much-needed dialogue. So it's at least solution-oriented.

Your next project is quite a different situation — a successful collaboration with the forestry industry to help it prepare for its own future.

That project is Skógarnytjar (e. forest utility). I worked with the Icelandic Forestry Association to create a total resource map of wood in Iceland. I then created a quick start guide for designers to design with Icelandic wood. I've sent this to about 100 designers and I'll be making prototypes based on the proposals I receive for the exhibition.

This project started because Iceland has been without forests for a thousand years, and for the first time we are getting wood in a usable state. But as of now, when that harvest is ready, nobody will be quite prepared for it.

Today we are burning 80% of wood for carbon in a silicone factory because there is no secondary production in this industry. We need to increase the profit that farmers and foresters get so that they have an incentive to keep growing forests. To do this, we have to build a secondary





Við núverandi aðstæður eru 80% af öllum innlendum við brennd og nýtt sem kolefnisgjafi í kísilmálmvinnslu. Það stafar af því að virðisaukandi úrvinnsluðnaður er ekki til staðar. Til þess að auka verðmætasköpun skógareigenda — svo þeir hafi hvata til að halda áfram og efla skógrækt — þarf að styrkja úrvinnsluðnað úr timbri. Ég er að reyna að skapa forsendur fyrir slíku og vekja áhuga fólks á að takast á við stöðuna sem komin er upp en það er ljóst að það er mikið og þarft verk fyrir höndum. Ef við opnum augun og hönnum með framtíðina í huga ættum við að geta gert ráðstafanir núna til að koma í veg fyrir vandamál sem eru rétt handan við hornið.

Þú ætlar að halda fyrirlestur á DesignTalks-ráðstefnunni um samvinnuverkefni þitt Cargo. Hvað geturðu sagt okkur um það?

Flutningagámurinn er einn af lykilþáttunum í flóknu kerfi sem gerir lífnaðarhætti samtímans mögulega en flest sinnum við okkar daglega lífi án þess að átta okkur á því hve umfangsmikil áhrif hans eru. Cargo er verkefni sem ég vann með kollega mínum Johonnu Seelemann en það tekur á ferli sem er okkur að mestu hulið dagsdaglega – ferlinu á milli framleiðslu og neyslu – og gerir það sýnilegra.

Okkur langaði til að segja sögu Íslands á tímum alþjóðlegra farmaflutninga með mjög íslenskum afurðum, áli og þorski. Í því skyni útbjuggum við meðal annars tveggja metra langan „made-in“ miða fyrir dós af Appelsíni til að útskýra ferlið frá uppgreftri hráefnis og áfram í gegnum öll framleiðsluskrefin.

Hvernig myndirðu tengja verkefni þín hvert öðru?

Mikilvægt stef í öllum mínum verkum er bæði að varpa ljósi á ólík málefni og leggja til einhvers konar lausn. Fyrir utan að rannsaka og fræða legg ég mig alltaf fram um að gera eitthvað sem skiptir máli, grípa til aðgerða á einhvern hátt og opna verkefnin svo hægt sé að bjóða fleirum að taka þátt.

Hvar staðseturðu sjálfan þig sem hönnuð í samtímanum?

Ég hallast æ meira að samvinnu í hönnun – þar sem ég er í raunverulegum aðstæðum að vinna með og tengjast fólki, eins og skógræktendum eða bændum, sækja í þekkingu og vísku annarra og skoða hana með eigin augum. Ég vil sjá rannsóknar- og tilraunaverkefni fá meira vægi í hönnun.

Á vissan hátt eru þessi verkefni sem ég mun kynna á HönnunarMars mjög staðbundin og gera Ísland að nokkurs konar myndlíkingu fyrir heiminn. Það er mikilvægt fyrir mig sem hönnuð að halda áfram að rækta með mér sterka rödd sem miðlar mikilvægum málefnum til fjöldans með það að markmiði að móta framtíðina.

industry around forestry, so I'm trying to initiate something to really quickly develop at least a basic example of this. If we open our eyes and design with the future in mind, we can plan now to prevent problems that are right around the corner.

You're giving a DesignTalk about your joint project Cargo. What should we know about it?

The shipping container is at the heart of the system that enables modern lifestyles, but so many of us go about our daily lives without realizing how impactful it is. Cargo is a joint project with my colleague Johanna Seelemann and it deals with an issue we cannot directly see – the space between production and consumption – and proposes a way we can visualize it.

We wanted to tell the story of Iceland in the age of global cargo shipping through hyper-local materials, such as aluminium and cod. To demonstrate the journey that a material such as aluminium takes, we made a 2-metre-long "Made In" label for a can of Appelsín soda.

How would you connect your projects to each other?

An important recurring theme in all of my work is both shedding light on a topic and proposing some sort of solution. Beyond investigating and educating, I always strive to take action in some sort of way and open it up and invite others to join me.

How do you position yourself as a designer in our contemporary world?

I am more and more leaning towards collaborative design – where I am in real scenarios working with and connecting to people, such as foresters or farmers, and extracting somebody's knowledge and wisdom to reflect upon it with my own eyes. I'd like open-source research to be the future.

In a way, these hyper-local projects position Iceland as a metaphor for the world. And as a designer it's important for me to continue growing a strong voice that communicates with the masses to shape the future.



NORRÆNA HÚSIÐ

The Nordic House

Við erum hér
Find us here

Sæmundargata 11

Norræna húsið í Reykjavík hefur allt frá upphafi hýst sýningar og viðburði sem leggja áherslu á að efla menningarleg tengsl Norðurlandanna. Á Hönnunarmars í ár verða alls sex hönnunarsýningar og viðburðir í hinum ýmsu sýningarrýmum hússins, meðal annars gagnvirk farandinnsetning, *The Weaving Kiosk*, og sýning á verkum tólf hönnuða, myndlistarmanna og frumkvöðla undir merkjum Reykjavík Runway.

Since it opened, the Nordic House in Reykjavik has played host to events and exhibitions that foster the cultural bonds that unite the Nordic countries. This year at DesignMarch, a grand total of six events and exhibitions will be featured in the centre's various display spaces, among them the travelling interactive installation The Weaving Kiosk, as well as the work of twelve designers, visual artists and pioneers under the banner of Reykjavik Runway.



INNBLÁSIÐ AF AALTO

Sýningunni *Innblásið af Aalto*: með sjálfbærni að leiðarljósi er ætlað að kynna hönnun hins heimsfræga finnska arkitekts Alvars Aalto fyrir gestum. Hún er hluti af 50 ára afmælisdagskrá hússins en Aalto á einmitt heiðurinn af því að hafa teiknað byggingu Norræna hússins, innviði hennar og marga innanstokksmuni, sem gera hana að sannkallaðri hönnunarperlu í Vatnsmýrinni. Þeir hönnuðir sem taka þátt í sýningunni eiga það sameiginlegt að hafa allir unnið fyrir hönnunarfyrirtækið Artek en Aalto var einn stofnenda þess árið 1935.

The exhibition Inspired By Aalto: Sustainability as an Attitude is intended as an introduction to the work of world-renowned Finnish architect Alvar Aalto. It forms part of the Nordic House's 50-year-anniversary programme, as Aalto in fact designed the building itself and many of the pieces found within it, making it a true gem of Nordic design. Each featured designer has at some point been employed by design firm Artek, which was co-founded by Aalto in 1935.

FINE LINES


Finnsku hönnuðirnir og myndlistarmennirnir Laura Pehkonen og Katariina Guthwert sýna tilraunakennda keramikmuni í Aalvar Aalto-herbergi Norræna hússins á Hönnunarmars. Á sýningunni, sem ber heitið *Fine Lines*, sýnir Laura einstaka gripi sem eru á mörkum myndlistar og nytjahluta en Katariina sýnir tilraunakennda muni sem sækja innblástur og efnivið í heitar laugar á Íslandi. Báðar fara þær óhefðbundnar leiðir í vinnu sinni með miðillinn og nota meðal annars bráðið hraun og stafrænt prent á yfirborð keramiksins. Meðan á sýningunni stendur hýsa þær umræður og hittinga sem opnir eru almenningi og eru listamenn og hönnuðir hvattir til að staldra við.

Finnish designers and visual artists Laura Pehkonen and Katariina Guthwert will be presenting a collection of experimental ceramic pieces, under the title Fine Lines, in the Nordic House Aalvar Aalto room this DesignMarch. Laura's work at the exhibition will skirt the border where art meets commodity, while Katariina's experimental pieces draw both inspiration and material from Iceland's hot springs. Both designers will be breaking new ground in their work with the medium, utilizing, among other things, molten lava and digital printing on the ceramic surface. They will also be hosting a series of discussions and meet-and-greets throughout the exhibition, and encourage artists and designers to join in.

FORMS OF LIFE

Forms of Life er lifandi samsýning hönnuða og listamanna sem allir eiga það sameiginlegt að tengjast Listaháskóla Íslands á einn eða annan hátt. Sýningin er samtal við hátíðarsýningu Norræna hússins, *Inspired by Aalto*, og samanstendur af munum, véðverkum og röð upplifana sem þátttakendur vinna meðal annars út frá hugmyndum um endurvinnslu og endurhönnun. Sýningarstjóri er Thomas Pausz.

Forms Of Life is a live collaborative exhibition presented by a collective of artists united by their association, in one form or another, with the Iceland Academy of the Arts. The exhibition forms a dialogue of sorts with the Nordic House's special anniversary exhibition, Inspired By Aalto, and consists of artifacts, video art and a host of experience-based pieces relating to recycling, redesign, and a multitude of other themes. The exhibition is curated by Thomas Pausz.



HVAÐ SVO? / WHAT'S NEXT?

OPNUN KL. 19:00 Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR ÞANN 15. MARS

Sýningin *Hvað er í gangi?* opnar nú aftur í nýrri og uppfærði útgáfu frá því sýningin opnaði fyrst á Hönnunarmars 2017. Á sýningunni eru módel af uppbyggingarreitum í miðborginni sett fram í samhengi miðborgarinnar í heild, auk þess sem saga og þróun miðborgarinnar er sögð í myndum, textum og viðtölum.

Sunnudaginn 18. mars kl 13:00 *Hvað svo? í einlægni*, samtal milli hönnuða og borgar. Valdir hönnuðir halda örerindi út frá sannfæringu og upplifun þeirra af borgarumbreytandi verkefnum.



UMBREYTING CREATION #3

Fatahönnunarkerkið Another Creation frumsýnir þriðju fatalínu sína á Hótel Canopy á Hönnunarmars. Línan, sem ber nafnið *Umbreyting Creation#3*, er hönnuð af Yr Prastardóttur sem sækir innblásturinn í frelsi og nýbylgju áttunda áratugarins, sem og í viðhorf nútímans gagnvart notagildi og sjálfbærni í hönnun.

Designer clothing brand Another Creation will premiere its third clothing line at Hotel Canopy during DesignMarch. The line, named Metamorphosis – Creation#3, was designed by Yr Prastardóttir, who took inspiration from the freedom of 80s New Wave, as well as from contemporary attitudes toward functionality and sustainability in design.

Þú finnur okkur hér
Find us here

Canopy Reykjavík
Smíðjustigur 4



ALLIR FUGLAR ÚR EGGI SKRÍÐA



Við erum hér
Find us here

**Gröndalshús
Fischersund**

Or Type fagnar fimm ára afmæli sínu með sýningu í Gallery Port. Letursmiðjan var stofnuð árið 2013 af grafísku hönnuðunum Guðmundi Inga Úlfarssyni og Mads Freund Brunse og hefur haslað sér völl sem ein framsæknasta letursmiðja heims, en Guðmundur og Mads hafa meðal annars starfað með fyrirtækjum á borð við 66° Norður og Arket – nýrri konseptverslun H&M. Samhlíða leturhönnun framleiðir Or Type textaverk í ýmsu formi, meðal annars á fatnað, fána og teppi.


Or Type will celebrate its five-year anniversary with an exhibition at Gallery Port. The typeface design studio was founded in 2013 by graphic designers Guðmundur Ingi Úlfarsson and Mads Freund Brunse and has made a name for itself as one of the most cutting-edge type foundries in the world, working with companies such as 66° North and Arket, H&M's new concept store. As well as designing typefaces, Or Type produces their own range of clothing, flags, blankets and more, featuring their designs.

Á sýningunni *Allir fuglar úr eggjum skríða* er teikningum Ránar Flygenring af fuglum og eggjum teft saman við teikningar Benedikts Gröndals af sama viðfangsefni.

Egg hafa lengi verið Rán hugleikin, raunar miklu lengur en hún hélt, egg sem tákmynd fyrir upphaf og hringrás lífsins og einnig sem grundvallaruppistaða fyrirbæra eins og ommilettna, majóness og marengs.

Að baki sýningarinnar, auk Ránar, eru Áslaug Snorradóttir ljósmyndari og María Rán Guðjónsdóttir, bókaútgefandi. Rán segir að hugmyndin um sýningu hafi kviknað í samtali þeirra um egg, bæði í tengslum við matargerð og náttúru en einnig form- og tákfræði þeirra. „Í kjölfarið spannst svo þessi sýning sem annars vegar fjallar um íslenska fugla og hins vegar egg, enda nátengd fyrirbæri. Egg hafa raunar alltaf verið viðloðandi verkin mín. Fyrsta barnabókin mín var til að mynda um egg, í bókahillunum mínum má finna hinar og þessar bækur um egg og þegar ég fór að gramsa fann ég ófár teikningar af eggjum,“ segir Rán.

Á sýningunni verða auk þess súkkulaðiegg frá Omnom, verk eftir Bjarna Sigurðsson leirlistamann, nýjar vörur frá Reykjavík Letterpress, fyrirlestrar, gjörningar og grímugerð.



OR TYPE

Við erum hér
Find us here

**Gallery Port
Laugavegur 23b**

The exhibition **Eggshibition** intersperses Rán Flygenring's bird-and-egg illustrations with those of Benedikt Gröndal.

Eggs have long been an object of fascination for Flygenring; eggs as a symbol of beginnings and the circle of life, and also as the foundation of foods such as omelettes, mayonnaise and meringue.

The exhibition is the brainchild of photographer Áslaug Snorradóttir, publisher María Rán Guðjónsdóttir, and of course Flygenring herself, who says the idea was first formed when the three of them met to discuss the subject of eggs and their place in both the kitchen and in nature, as well as their symbolic and aesthetic values. "The idea for the exhibition came about gradually, an exhibition centred around Icelandic birds as well as eggs – two very closely related topics," explains Flygenring. "In fact, eggs have always been connected to my work in some way. My first published children's book was about eggs, for instance, and I have a variety of books about eggs on my shelves at home. When I started leafing through my archives, I found more than a few egg pictures in there."

The exhibition will also feature chocolate eggs by Omnom, works of ceramicist Bjarni Sigurðsson, new products by Reykjavík Letterpress, presentations, performances and interactive workshops.

MEDMÆLI HÖNNUÐA DESIGNERS PICK

Hvað er HönnunarMars í þínum huga?
Deadline. Ég held að flest af því sem ég hef sýnt eða komið að á HönnunarMars síðustu ár hafi verið klárað korter í opnun.

Hvað finnst þér skemmtilegast við HönnunarMars?

Innblastur. Hvort sem það er að sjá ný verk með eigin augum eða tala við skapara þeirra.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í Reykjavík?

Göngustígurinn meðfram Sæbraut. Fullkomið samræmi borgarniðs og ólýsanlegrar útsýnisfegurðar.

Hverju ætlar þú ekki að missa af í ár?
DesignTalks. Talandi um innblástur.

Vöruhönnuður
Product Designer

JÓN HELGI HÓLMGEIRSSON

What does DesignMarch mean to you?
Deadline. I think most of what I've exhibited or been involved with at DesignMarch over the years was finished at the last minute.

What do you like most about DesignMarch?

Inspiration. Whether it's seeing new work with my own eyes or talking to the designer behind it.

What's your favourite place in Reykjavík?

The path that runs along Sæbraut. It's the perfect combination of the city's hum and indescribable scenic beauty.

What are you not going to miss this year?
DesignTalks. Speaking of inspiration.



A.M. CONCEPT SPACE SHOWROOM

Í verslunar- og sýningarrýminu A . M . Concept Space verða nýjar fatalínur Anita Hirlekar og MAGNEU til sýnis auk innsetningar þar sem hugarheimar þeirra tveggja skarast og efni og form fá nýjan búning. Anita Hirlekar og Magnea Guðmundsdóttir fata- og textílhönnuðir hafa báðar verið tilnefndar til Hönnunarverðlauna Íslands fyrir verk sín.

Brand new clothing lines from Anita Hirlekar and MAGNEA will be presented at the A . M . Concept Space, in addition to a series of installations that fuse their creative visions into a world of new shapes and materials. Clothing and textile designers Anita Hirlekar and Magnea Guðmundsdóttir have both been nominated for Iceland Design Awards for their work.

Við erum hér
Find us here
Garðastræti 2

MEÐMÆLI HÖNNUÐA DESIGNERS PICK

Hvað er HönnunarMars í þínum huga?
Orka vorsins, framkvæmdagleði og framhleypli — jafnvel víðáttubrjálæði.

Hvað finnst þér skemmtilegast við HönnunarMars?
Ég leita uppi viðburði sem sameina sýningar og leikræna tjáningu, þar sem hönnuðir bjóða gestum inn í sína veröld, og að vera þátttakandi í aðstæðum sem hönnuðirnir hafa búið til. Mér er t.d. minnisstætt þegar Vík Þrjónsdóttir setti upp treflaverksmiðju, KRADS bauð öllum í LEGO og þegar viðburðaverkstæði Attikatta iðaði af lífi.

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í Reykjavík?
Koníaksstofan á Hótel Holti.

Hverju ætlar þú ekki að missa af í ár?
Ég ætla ekki að láta eggin framhjá mér fara.

Hönnuður og heimildamyndargerðarmaður
Designer and documentary filmmaker

KARNA SIGURÐARDÓTTIR

What does DesignMarch mean to you?
The energy of spring, a surge of activity and ambition – a frenzy, even, that knows no limit.

What do you like most about DesignMarch?
I look for events that combine exhibitions with theatrical expression, where designers invite guests to step into their world and become participants in their project. It was memorable, for example, when Vík Þrjónsdóttir created a scarf factory, KRADS invited everyone to play with Lego, and experimental workshop Attikatti buzzed with life.

What's your favourite place in Reykjavík?
The Cognac Room at Hótel Holt.

What are you not going to miss this year?
I'm not going to let the eggs pass me by.



hrím
www.hrim.is
Laugavegi 25 & Kringlunni





Andaðu
Breathe

Erling — Helga Ósk
Hverfisgata 39

Texti Words by
Ragnheiður Pálsdóttir

Ljósmynd Photo by
Rafael Pinho

ERLING & HELGA ÓSK





Á sýningunni *Andaðu* munu Erling og Helga Ósk gullsmiðir kynna fyrstu sameiginlegu skartgripalínuna sína en þau opnuðu saman vinnustofu og verslun á Hverfisgötu 39 árið 2016. Þau segja að eftir að hafa setið andspænis hvort öðru í hálf tannað ár, deilt hugmyndum af örlæti og veitt hvort öðru aðstoð við ýmis úrlausnarefni hönnunarinnar hafi nánara samstarf sprottið af sjálfu sér. Við fyrstu sýn virðast þau nálgast efnið með nokkuð ólíkum hætti en þau eru sammála um að þótt fagurfræði og stíll þeirra sé ólíkur þá deili þau keimlíkri afstöðu til skartgripahönnunar og snertifletir þeirra séu margir.

Þeim var báðum ljóst frá barnæsku að þau myndu fást við handverk og gullsmíðin reyndist þeirra farvegur. Á meðan Helga Ósk hefur sótt töluvert í íslenskan þjóðararf og smíðað skartgrip með tilvísun í rammíslenska hefð víra-virkis hefur Erling leikið sér að sköpun nýrra forma. Bæði segjast þau þó leggja áherslu á að fara sem oftast og lengst að heiman og brjóta upp fagurfræði og reglur en eiga þó sín akkeri í faglegru þekkingu, áralangri reynslu og hefð.

Aðspurð hvað heilli þau við skartgrip segir Erling þá sveipaða dálítilli dulúð og Helga Ósk bætir við að það sé hve persónulegir þeir séu; að við fáum skartgrip oft á tímamótum í lífi okkar eða erfum þá frá ástvinum. Því tengist þeir gjarnan minningum og við berum þá meðvituð um söguna sem fylgir. „Skartgripir eru svo merkingarlausir hangandi einir úti í glugga,“ segir Erling, „án sögunnar er skartgripurinn ekki neitt“.

Erling og Helgu Ósk er vandað handverk hugleikið en jafnframt lífrænt ferli og algert frelsi við gerð skartgripa. Þau segjast líka pæla dálítið í þjóðmenningunni en telja óáhugavert að þvinga fram fyrirfram ákveðnar hugmyndir; bestu hlutirnir fæðist óþvingaðir og þúslist saman af sjálfu sér. Þau vilja að öðru leyti lítið segja um nýju línuna en allt stefnir í spennandi útkomu; físlétta gullskartgrip þar sem formið er borið uppi af innri spennu efnisins.

“Án sögunnar er skartgripurinn ekki neitt

The exhibition Breathe presents the first collaborative line of jewellery designed by goldsmiths Erling and Helga Ósk, although the two have operated a shared workshop and retail space together since 2016. They explain that after sitting across from each other for almost two years, freely sharing ideas and design solutions, a closer collaborative venture came about quite naturally. While their respective approaches to their subject matter might seem divergent to the casual observer, they both agree on a certain shared attitude toward jewellery design, with plenty of room for overlap between the two.

It was clear to both of them from an early age that their paths lay toward craftsmanship, and goldsmithing in particular. While Helga Ósk has immersed herself in traditional Icelandic design, creating works with aesthetic roots deep in Iceland's past, Erling has experimented with the creation of forms hitherto unseen. They both, however, make a habit of venturing outside their comfort zones, breaking from their own aesthetic sensibilities whilst building on the well-established bedrock of their years of professional experience in the field.

When asked what attracts them to jewellery, Erling is quick to remark on the sense of mystery it exudes, with Helga Ósk adding that jewellery is by nature deeply personal; we come by it during times of great import in our lives, or inherit it from loved ones. This connects it inextricably to memory, and when we wear jewellery, we are conscious of the story behind each item. "Jewellery is so meaningless when it sits alone in the window," Erling says. "Without story, a jewel alone is nothing."


Erling and Helga Ósk not only have a penchant for intricate handiwork, but also subscribe to an organic design process that stresses total freedom of design. They admit that while contemporary culture does interest them to some degree, they avoid forcing out preconceived ideas; the best works emerge unguided and piece themselves together naturally. They are otherwise tight-lipped on the subject of their new line, but all signs point to an exciting outcome; feather-light gold ornaments whose shape is determined by the material's inner tension.

“Without story, a jewel alone is nothing

Innblásið af Aalto



Norræna húsið



Með sjálfbærni að leiðarljósi
Finnsk innanhússhönnun
02.03–02.09.2018

Opið alla daga 11–17. Miðvikudaga 11–21
Norræna húsið. Sæmundargötu 11
www.norraenahusid.is

GENKI INSTRUMENTS

Genki Instruments kynnir Wave, hring sem gerir tónlistarfólki kleift að stjórna hljóðum og effektum með hreyfingu, á tónlistarhátíðinni Sónar í Hörpu. Þar gefst gestum HönnunarMars kostur á að prófa Wave og skyggjast örlítið inn í þróunarferlið. Lesa má ítarlegt viðtal við Jón Helga Hólmgæirsson, yfirhönnuð Genki Instruments, í 6. töl. HA.

Genki Instruments introduces Wave, a ring that allows musicians to control sound, change effects and send commands with the motion of their hands. The company will present Wave at Harpa during the Sónar Reykjavík music festival, where guests of DesignMarch will have the opportunity to try the product out and find out more about the process behind it. For those interested, there is also a thorough interview with Genki's head of design in issue 6 of HA magazine.



Við erum hér
Find us here

Harpa
Austurbakki 2

VERÐUM Í BANDI



Við erum hér
Find us here

Korpúlfsstaðir

Á samsýningu Textílfélagsins, *Verðum í bandi*, munu textílhönnuðir og listafólk úr ólíkum áttum sýna verk sín og veita gestum innsýn í fjölbreytni og möguleika textíls sem miðils. Sannkölluð textílvæsla með lifandi dagskrá, gjörningum og uppákomum.

The Icelandic Textile Guild presents Hangin' by a Thread, a shared exhibition featuring the work of a broad variety of textile designers and artists, exemplifying the limitless diversity and potential of textiles as a medium. A veritable textile feast, packed with live performances and events.



HÖNNUNARMARS

WASTE AS A RESOURCE

Malmö Upcycling Service kynnir nýjustu línu sína, Odds & Ends, á sýningunni Waste as a resource í sænska sendiherrabústaðnum á HönnunarMars. Línan er unnin úr afgangsefnum en hópurinn einbeitir sér að endurnýtingu efna sem annars hefðu farið til spillis og að umbreyta þeim í hönnunarvörur.

Malmö Upcycling Service will be exhibiting their latest collection, Odds & Ends, at the Swedish Ambassador's Residence in Reykjavik during DesignMarch. With the goal of using materials sustainably, the designers recycle surplus materials, that would have otherwise gone to waste, to create designer products.

Við erum hér
Find us here

Sænski sendiherrabústaðurinn
Swedish
Ambassador's
Residence
Fjólugata 9



DESIGNMARCH

Við erum hér
Find us here

Icelandair Hotel
Reykjavík Marina
Mýrargata 2—8

STUDIO TRIPPIN

Hönnunarteymið Studio Trippin opnar hugarheim sinn fyrir gestum og gangandi á HönnunarMars. Stúdíóið hefur vakið athygli fyrir nýstárlega nálgun og nýtingu á íslenskum hrosshúðum og hlaut til að mynda tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands 2018. Að hönnunarstúdíóinu standa Kristín Karlsdóttir fatahönnuður og Valdís Steinarsdóttir vöruhönnuður. Lesa má nánar um Studio Trippin í 6. tbl. HA og á hadesignmag.is.

Design team Studio Trippin opens up their realm of ideas for guests and passers-by during DesignMarch. The studio has received a lot of attention for its unusual approach to and utilization of Icelandic horse pelts and has, for example, been nominated for the President of Iceland's 2018 Innovation Prize. The design studio is the brainchild of fashion designer Kristín Karlsdóttir and product designer Valdís Steinarsdóttir. More information about Studio Trippin can be found in issue nr. 6 of HA and at hadesignmag.is.

MÉDMÆLI HÖNNUÐA DESIGNERS PICK

Hvað er HönnunarMars í þínum huga?

Spennigur og spennufall. Álag og yfirsúningur. Algjör veisla og innblástur!

Hver er uppáhaldsstaðurinn þinn í Reykjavík?

Ég ætla að svindla og nefna Eiðistorg á Seltjarnarnesi, þangað fer ég til þess að lækna skammdegisþunglyndið mitt.

Hverju ætlar þú ekki að missa af í ár?

Ég ætla ekki að missa af *Verðum í bandi* á Korpúlfsstöðum, *Forms of Life* í Norræna húsinu og svo verðum við hjá Minor Coworking með fjölbreytta viðburði og húllumhæ. Ég er spennt að leyfa textílnöllum sem ég er að leika lausum hala á sýningu Textílfélagsins og fá að sjá nýja og eldri kynslóð textílhönnuða mæstast. Yfirskrift sýningarinnar *Forms of Life* heillar mig, ég hef fylgst með og held upp á nokkra hönnuði sem taka þátt í sýningunni og hlakka til að kynna mér verk þeirra sem ég þekki minna.

Fatahönnuður
Fashion Designer

TANJA LEVY

What does DesignMarch mean to you?

Excitement and the subsequent comedown. Stress and being in overdrive. A real party and inspiration!

What's your favourite place in Reykjavík?

I'm going to cheat and name Eiðistorg in Seltjarnarnes, which is where I go to cure my winter depression.

What are you not going to miss this year?

*I'm not going to miss *Verðum í bandi* at Korpúlfsstaði, *Forms of Life* at the Nordic House and the open house at my shared studio, Minor Coworking, where we will be hosting loads of events and fun. I'm excited to let the textile nerd that I am loose at The Icelandic Textile Guild's exhibition and to see the younger and older generations of textile designers meet. The exhibition title *Forms of Life* appeals to me. Some of my favourite designers are participating in the exhibition and I look forward to getting to know the work of designers I'm not so familiar with.*

GAIA BREATHING VARIATION III

CREATIVE TAKE OFF

FOCUS ON ICELANDIC CREATIVITY AT KEFLAVÍK AIRPORT

Isavia, the operator of Keflavik Airport, has invited Kristín Scheving to curate a series of art exhibitions which utilize the lighting system in juxtaposition with videoart at Keflavík International Airport.

Selected Icelandic artists will be exhibiting works throughout 2018. The works explore the possibilities of connecting light and video in ways that bring an element of presence to the visitor's experience of the location, as well as exploring the capabilities of the moving image that are especially fitting in the non-place of an international airport.

8 February – 21 March:
Sigrún Harðardóttir — Gaia Breathing Variation III

22 March – 3 May:
Ásdís Sif Gunnarsdóttir — Misty Blue Rain

30 August – 10 October:
Haraldur Karlsson — Brain

Visit kefairport.is/artwork for further information



STRÆTÓFERÐ MEÐ BORGARSTJÓRA UM NÝJU REYKJAVÍK

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri býður upp leiðsögn í strætó um borgina þar sem farið verður yfir sviðið í arkitektúr, hönnun og uppbyggingu í Reykjavík sem nú gengur í gegnum sitt mesta umbreytingaskeið.

Lagt er af stað frá Ráðhúsi Reykjavíkur
þann 17. mars kl 11:00 og 13:00.
Bókaðu þig í ferð inn á tix.is á 0 kr.



10[👑] ÁRA

AFMÆLISFAGNAÐUR & LOKAPARTÝ HÖNNUNARMARS

ÚT Í BLÁINN • PERLUNNI • 17. MARS KL. 21–01
ALLIR VELKOMNIR MEÐAN HÚSRÚM LEYFIR!

ISSN 2298-707

HA Hönnunarmars sérrit
HA DesignMarch Extra
 1. tölublað – 2018
 Issue no. 1 – 2018

Ritstjóri
Editor-in-chief
María Kristín Jónsdóttir

Hönnun og umbrot
Design and layout
Kolofon
Hönnunarstofa
Design Studio

Pennar
Contributing writers
Anna Koziol
Elín Bríta
Hera Guðmundsdóttir
Kolbrún Þóra Löve
María Kristín Jónsdóttir
Michelle Site
Ragnheiður Pálsdóttir
Sara McMahon
Sigríður Ásgeirsdóttir
Sunna Örlýgsdóttir

Þýðendur
Translators
Anna Andersen
Helga Soffía Einarsdóttir
Larissa Kyzer
Sindri Eldon

Prófarkalestur
Proofreading
Ásta Kristín Benediktsdóttir
Ben Moody

Umsjón samfélagsmiðla
Social media
Ólöf Rut Stefánsdóttir
Ragna Margrét Guðmundsdóttir

Leturgerðir
Typefaces
Rán Sans
Proxima Nova

Prentun
Printing
Ísafoldarprentsmiðja

Hafa samband
Contact
ritstjorn@hadesignmag.is

Útgefandi
Publisher
Hönnunarmiðstöð Íslands
Iceland Design Centre

@hadesignmag
www.hadesignmag.is

Hönnunarmars
DesignMarch

Stjórnandi
Festival director
Sara Jónsdóttir

Stjórn
Festival board
Bergur Finnbogason
Arna Arnardóttir
Halla Helgadóttir

Dagskrárstjórn
Programme manager
Elin Hrunn Þorgeirsdóttir

Valnefnd
Selection committee
Arna Arnardóttir
Bergur Finnbogason
Elin Hrunn Þorgeirsdóttir
Rúna Thors
Sara Jónsdóttir

Dagskrárstjóri DesignTalks
DesignTalks curator
Hlín Helga Guðlaugsdóttir

Kynningarfulltrúi
Media relations
Sigríður Ásgeirsdóttir

Verkefnastjórn
Project managers
Anna Koziol
Design Diplomacy
Elin Hrunn Þorgeirsdóttir
DesignMatch
Lama-sea Dear
DesignTalks
Ólöf Rut Stefánsdóttir

Sérviðburðir
Special events
Björk Hrafnisdóttir
Júlianna Ósk Hafberg

Einkenni Hönnunarmars 2018
DesignMarch Identity 2018
Guðbjörg Tómasdóttir
Rán Flygenring

Vefsíða
Website
Kolofon
Hönnunarstofa
Design Studio

Annað kynningarefni
Marketing material
Lilja Jónsdóttir
Ljósmyndir
Photography
Ragna Margrét Guðmundsdóttir
Ljósmyndun og samfélagsmiðla
Photography and social media

Sebastian Ziegler
Hreyfimyndir
Filming

Sahara
DesignTalks upptökur
Filming

Arnar Ingi Viðarsson
Grafísk hönnun
Graphic design

Kelly Clayton
Frameiðsla kynningarefnis
Production

@designmarch
www.honnunarmars.is
www.designmarch.is

Hönnunarmiðstöð Íslands
heldur Hönnunarmars
DesignMarch is produced
by the Iceland Design Centre

Frankvæmdastjóri
Managing director
Halla Helgadóttir

Skrifstofustjóri
Office manager
Gunnar Gunnsteinnsson

Viðburðastjórn og kynningarmál
Project manager
Ólöf Rut Stefánsdóttir

Hönnunarmiðstöð Íslands er í eigu
Iceland Design Centre is owned by
the Icelandic designers associations
Arkitektafélag Íslands
Félag húsgagna-
og innanhússarkitekta
Félag íslenskra landslagsarkitekta
Félag vöru- og iðnhönnuða
Leirlistafélag Íslands
Fatahönnunarfélag Íslands
Textilfélagið
Félag íslenskra gullsmiða
Félag íslenskra teiknara

Hönnunarmiðstöð Íslands er
 að hluta til rekin fyrir fjárframlög
 frá atvinnuvega- og nýsköpunar-
 ráðuneyti og mennta- og
 menningarmálaráðuneyti.
The Iceland Design Centre is partly
funded by the Ministry of Industry
and Innovation and the Ministry of
Education, Science and Culture.

Aðalsamstarfsaðilar

ICELANDAIR



Icelandair Hotels

Arion bank

Samstarfsaðilar
Íslandsstofa
Inspired by Iceland
Reykjavíkurborg
City of Reykjavik
Samtök iðnaðarins
Federation of Icelandic Industries
Utánríkisráðuneytið
Ministry for Foreign Affairs

Með stuðningi
With support from
Kaffitár
Oddsson
Sand Hotel
Brio
Icelandic Lamb
Reykjavík Distillery
Matur og Drykkur
Holt Restaurant
KEX Hostel

Fjölmiðlasamstarfsaðilar
Media partners
Grapevine
Dezeen
Wanted Design Week
Oak
Summit
HA

Arion banki styður DesignTalks og DesignMatch,
 þeim eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið
DesignTalks and DesignMatch are powered by
Arion Bank.

Sérstakar þakkir
Thanks to
 Sendiráð Kanada, Danmerkur, Finnlands, Frak-
 klands, Noregs, Svíþjóðar og Bandaríkjanna
The embassies of Canada, Denmark, Finland, France,
Norway, Sweden and the USA.
 Norræna húsið *The Nordic House*, Listasafn
 Reykjavíkur *Reykjavik Art Museum*, Safnahúsið
Culture House, Þjóðminjasafn Íslands *National*
Museum of Iceland, Marshall Restaurant + Bar,
 Kukl, Daniel Golling, Gustaf Kjellin.

Hönnunarmiðstöð Íslands er með rekstrar-
 samning við atvinnuvega- og nýsköpunar-
 ráðuneyti og mennta- og menningarmálará-
 ðuneyti / *Iceland Design Centre is funded by*
the Ministry of Industry and Innovation and the
Ministry of Education, Science and Culture.



NÓTT —
SÆNGURFÖT FRÁ GEYSI

KODDAVER
3.800 kr. 3040 kr.

20%

af öllu

í
tilefni

SÆNGURVER
Einbreitt
12.800 kr. 10.240 kr.
Tvíbreitt
22.800 kr. 18.240 kr.

af

Hönnunarmars

15.—18. mars 2018

HANDKLÆÐI FRÁ
GEYSI — FJÓRIR LITIR
Stórt 5.800 kr. 4640 kr.
Minna 2.900 kr. 2320 kr.

ULLARTEPPIN FRÁ GEYSI
Stór 18.900 kr. 15.120 kr.
Minni 16.800 kr. 13.440 kr.

RÚMFÖT, HANDKLÆÐI OG TEPPI
Paraðu saman mismunandi tóna
og settu saman eigin litasamsetningar.



GEYSIR

HEIMA

Það hefur aldrei verið jafn
spennandi að búa um rúmið sitt!